


Sósíalismi og íslenskir vinstri menn



Óli Björn Kárason

Fylgt úr hlaði

Félagshyggjumenn, vinstrimenn, sósíalistar eða hvað þeir kallast sem hafa meiri trú á ríkinu en einstaklingnum hafa alltaf átt erfitt með að skilja samsplið milli hagsældar og hvata einstaklingsins til að afla sér tekna og skapa eitthvað nýtt. Ríkissinnar hafa ekki áttað sig á að ofstjórn og óstjórn eru tvíburasystur og fátækt er frænka þeirra.

Ég hef oft bent á að hinn sósíalíski mælikvarði velferðar sé einfaldur. Velferðin er talin meiri ef sneið ríkisins er 50% af 2.000 milljarða köku en þegar sneiðin er „aðeins“ 40% af 3.000 milljarða köku. Velferð, réttlæti og jöfnuður er meiri eftir því sem hlutfallsleg stærð kökusneiðar ríkisins er stærri. Engu skiptir þótt kakan sé minni.

Ég mun líklega aldrei skilja hugmyndafræði sósíalista. En það er aðdáunarvert að enn sé til fólk sem af einlægni berst fyrir þjóðskipulagi sósíalismans. Ritlingur þessi inniheldur nokkrar greinar frá árinum 2015-2017 sem ég hef skrifað um sósíalista og íslenska vinstri menn.

Efnisyfirlit

Það er grunnt á gamla allaballann	3
Lokað á olíuævintýri Samfylkingarinnar	6
Draumur breytist í martröð	9
Líf í glæðum sósíalismans	12
Ærslagangur yfirboða og „samsæri gegn skattgreiðendum“	14
Píratar breytast í hefðbundinn stjórn málaflokk	17
Hvernig væri lífið þá?	20
Klisjur, frasar og umbúðastjórn máll „umbótaafllanna“	23
Líf og dauði stjórn málaflokks	26
Pólítískar áskoranir í góðæri	29
Stjórnarandstaða í vondu skapi	32
Værukærir hægrimenn og vopnfimir vinstrimenn	35
Merkingalausar heitstrengingar	38
Hvað bíður handan við hornið?	45
Eina mótstaðan gegn vinstri stjórn	48
Einföld ákvörðun forsetans og valkreppa vinstri manna	50
Kennedy, Reagan og íslenskir vinstrimenn	53
Játning: Ég mun aldrei skilja sósíalista	56

Það er grunnt á gamla allaballann

Þeir kenna sig við víðsýni og frjálslyndi. Þeir segjast alþjóðasinnar og talsmenn frjálsra viðskipta. Þeir vilja fá viðurkenningu sem umburðarlyndir og umbótasinnaðir stjórnámálamenn. Þeir eru nútíma norrænir jafnaðarmenn.

Þeir eru sannfærðir um nauðsyn þess og samkvæmt kröfum nútímans, að öllu sé pakkað inn í fallegar umbúðir orðaskrúðs og –flaums:

„Samfylkingin er eini flokkurinn sem byggir á svo sterkum rótum að geta með trúverðugum hætti ofið saman kvenfrelsi, verkalyðsbaráttu, velferðarsjónarmið, græn gildi, þjóðfrelsi, alþjóðahyggju og athafnafrelsi í óslítanlegan streng,“ skrifaði Árni Páll Árnason á heimasíðu sína 28. janúar 2013. Þá sóttist hann eftir og náði kjöri sem formaður Samfylkingarinnar. Árni Páll fullyrkti að með þessari blöndu væri auðvelt „að veita svör við erfiðustu álitamálum okkar tíma,“ – hvorki meira né minna. Kaldhæðnari maður en sá er heldur hér um penna, gæti fært rök fyrir því að einu svörin sem formaður Samfylkingarinnar hafi fundið séu vel falin á göngum hins mikla skrifstofubákns Evrópusambandsins. Í kosningunum 2013 voru innan við 13% kjósenda á því að svörin væri að finna í orðahrærigraut sem borin var á borð í nafni Samfylkingarinnar.

Umbúðastjórnámál

Þótt formaður Samfylkingarinnar sé upptekinn af umbúðum – safni fallegra orða og frasa – hefur það ekki komið í veg fyrir pólitíska tækifærismennsku. Oft er nauðsynlegt að breyta umbúðunum ekki síst þegar þær virðast ekki heilla almenning. Í stjórnarandstöðu er því leyfilegt að gagnrýna ríkisstjórn fyrir að leggja ekki á auðlegðarskatt, jafnvel þótt viðkomandi hafi sem stjórnarliði fyrri ríkisstjórnar tekið þátt í að ákveða með lögum, að slíkur skattur skyldi falla niður. Hentistefnumaðurinn gagnrýnir án hiks eða hiksta ríkisstjórn fyrir að fylgja lögum sem hann tók sjálfur þátt í að setja.

Tækifærismennska er óaðskiljanlegur hluti af umbúðastjórnámálum. Formaður Samfylkingarinnar vildi ólmur efna til þjóðaratkvæðagreiðslu sumarið 2013 um veiðigjöld. Hann var sannfærður um að samþykkt yrði að taka „hraustlegt gjald“ af útgerðinni, hvað svo sem það þýddi. En sami stjórnámálamaður taldi fráleitt að bera það undir íslenska skattgreiðendur hvort þeir vildu taka að sér að greiða skuldir einkabanka. Tvisvar var reynt

að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave. Þeir skuldabaggar hefðu orðið „hraustlegir“ svo ekki sé meira sagt.

Með sama hætti lögðust allir þingmenn Samfylkingarinnar, þar á meðal Árni Páll Árnason, gegn því að leitað yrði eftir heimild hjá þjóðinni fyrir aðildarumsókn að Evrópusambandinu árið 2009. Þá sýndu allar skoðanakannanir að góður meirihluti Íslendinga væri andvígur aðild. Þess vegna var komið í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu líkt og Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins lagði til. Andstaða við þjóðaratkvæðagreiðslu um Evrópusambandið árið 2009, hefur hins vegar ekki komið í veg fyrir að í stjórnarandstöðu krefjist samfylkingar kosninga um hvort slíta eigi viðræðum, sem hafnar voru án þess að almenningur hefði nokkuð um þær að segja og sigldu í pólitískt strand árið 2011.

Hentistefnan er í hróplegu ósamræmi við stefnuyfirlýsingu sem samþykkt var á stofnfundi Samfylkingarinnar í maí 2000 en þar sagði meðal annars:

„Við viljum víðtækt lýðræði. Fulltrúar almennings taki ákvarðanir um sameiginleg málefni fyrir opnum tjöldum. Sem flestar ákvarðanir verði teknar beint af þeim hópum fólks sem þær varða. Einstaklingar, samtök á vinnumarkaði og frjáls félagasamtök hafi sem mestan sjálfháttarrétt.“

Staðfesta og samkvæmni verða fórnarlömb stjórn mála sem snúast um umbúðir en ekki hugsjónir.

Gæta verður sanngirni

Auðvitað er það ekki fyllilega sanngjarnt að halda því fram að stjórn málabarátta samfylkinga miðist eingöngu við umbúðir, frasa og orðmælgir. Til þess er of grunnt á gamla allaballann – sósíalístann sem tortryggir einkarekstur, setur traust sitt á ríkið og hefur meiri áhuga á stækka sneið hins opinbera af þjóðarkökunni en að baka stærri köku.

Gamli allaballinn brýst því stundum í gegnum umbúðir víðsýni og frjálslyndis. Árni Páll var trúr uppruna sínum í Æskulýðsfylkingu Alþýðubandalagsins, þegar hann ávarpaði ársþing ASÍ árið 2009. Þá var hann félagsmálaráðherra og ræddi um „óforskammaða kapitalista“ og „gíningarfífl stóriðju og útgerðarauðvalds“. Gamli sósíalístar hefðu talið sig fullsæmda af slíkri ræðu líkt og þeir hljóta að hrósa öðrum þingmanni Samfylkingarinnar.

Þegar haft er í huga að pólitískar rætur Guðbjarts Hannessonar, þingmanns Samfylkingarinnar, liggja einnig í Alþýðubandalaginu, eiga hug-

myndir hans um frelsi og ríkisrekstur ekki að koma á óvart. „Þetta mál er engan veginn tilbúið og þetta er mál sem að bannar ríkisrekstur“, svaraði Guðbjartur blaðamanni Viðskiptablaðsins þegar leitað var eftir álitum hans á áfengisfrumvarpi Vilhjálms Árnasonar og fleiri. Með samþykkt frumvarpsins verður áfengisverslun ríkisins lögð niður og einkaaðilar fá leyfi til að bjóða áfengi til kaups líkt og aðrar löglegar vörur í smásöluverslun. Guðbjartur bætti við:

„Það er nefnilega það að þegar menn eru að tala um aukið frelsi þá er það gert þegar er verið að banna ríkisrekstur.“

Í anda gamals allaballa heldur Guðbjartur því fram að varla sé hægt að tala um aukið frelsi þegar lagt sé til bann á aðkomu ríkisins að smásölu á sama tíma. Það er aðeins stigsmunur en ekki eðlis- munur á sjónarmiðum Guðbjarts Hannessonar og forystumanns meðal ungliða Vinstri grænna sem lagði til „að á Íslandi sé aðeins starfrækt ein matvöruverslun og hún sé á vegum ríkisins“ og þar með verði engin samkeppni, „bara skýrar reglur og lýðræðisleg stjórnun“.

Vinstri grænir líkt og samfylkingar sækja í brunn Alþýðubandalagsins þótt margir hinna síðarnefndu vilji fremur láta kenna sig við Alþýðu- flokkinn. Báðir gömlu flokkarnir sameinuðust árið 1985 í eindreginni andstöðu við að afnema einkarétt ríkisins á útvarps- og sjónvarps- rekstri. Það er skiljanlegt að þá sögu vilji menn ekki rifja upp a.m.k. ekki ótilneyddir. En eðlilega var tækifærið gripið í „norrænu velferðarstjórn- inni“ til að koma böndum á fjölmiðla með því að setja á fót sérstaka eftirlitsstofnun.

Þegar Árni Páll barðist fyrir formennsku í Samfylkingunni í samkeppni við Guðbjart Hannesson, sagðist hann vilja „auka vald fólks yfir eigin lífi“. Hér verður látið liggja á milli hluta hvernig Árna Páli hefur tekist til sem formanni í þeim efnum. Einn prófsteininn verður þegar áfengis- frumvarpið kemur til lokaafgreiðslu á Alþingi. Því miður virðist sem ekki sé eins djúpt á allaballann og margir vonuðust til.

Nú tíma jafnaðarmenn hafa sniðið víðsýni, frjálslyndi, umburðarlyndi og athafnafrelsi þröngan stakk. Á margan hátt var gamli allaballinn geðþekktari. Maður vissi oftast hvaðan sá gamli var að koma, hvert hann var að fara og fyrir hvað hann stóð.

11. febrúar 2015

Lokað á olíuævintýri Samfylkingarinnar

Þá liggur það fyrir. Samfylkingin telur að sóknarfærin séu til vinstri í samkeppni við Vinstri græna. Samtals fengu þessir tveir flokkar 27,7% atkvæða í síðustu þingkosningum og töpuðu nær 28%-stigum. Fylgi flokkanna var í heild litlu meira en 25,5% meðalfylgi Samfylkingarinnar frá stofnun. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun MMR nýtur Samfylkingin stuðnings 15,5% kjósenda en svo „skemmtilega“ vill til að það er helmingur af því metfylgi sem flokkurinn fékk í kosningunum 2003. Úrslit kosninganna olli forystu Samfylkingarinnar vonbrigðum. Draumurinn um að verða stærsti stjórnmálaflokkur landsins rættist ekki.

Það var í skugga veikrar stöðu, eftir tæplega tvö ár í stjórnarandstöðu og eftir verstu útreið í kosningum í síðari tíma sögu landsins (og þó víðar væri leitað), sem landsfundur Samfylkingarinnar ákvað að endurnýja umboð sitjandi formanns með einu atkvæði og 49,5% atkvæða. Til að geirnegla nýja sókn flokksins var ákveðið að umbylta stefnunni í náttúruvernd.

Þvert á yfirlýsingar og störf

Þvert á allt tal, yfirlýsingar og störf ráðherra og þingmanna Samfylkingarinnar í ríkistjórnnum síðustu ára, var lýst andstöðu við nýtingu hugsanlegra olíulinda á Drekasvæðinu og undirstrikað að „mistök hafi verið gerð þegar leit var hleypt af stað á Drekasvæðinu“. Nú þurfi „að vinda ofan af þeirri leit og vinnsluáformum og lýsa því yfir að Íslendingar hyggist ekki nýta hugsanlega jarðefnaorkukosti í lögsögu sinni“.

Fá ef nokkur dæmi eru fyrir því að stjórnmálaflokkur gjörbreyti stefnu sinni með jafn afgerandi hætti og það á einum eftirmiðdegi og gert var á landsfundi Samfylkingarinnar. Orð og gjörðir kjörinna fulltrúa flokksins voru gerð að engu í einni svipan.

Undir lok janúar síðastliðins studdu allir þingmenn Samfylkingarinnar lög um stofnun sérstaks ríkisolíufélags. Þar á meðal voru formaður og varaformaður flokksins en áskorandinn Sigríður Ingibjörg Ingadóttir var fjarverandi þegar greidd voru atkvæði. Enginn þingmaður greiddi atkvæði gegn frumvarpinu.

Sanngjarnt er að halda því fram að Samfylkingin hafi öðrum flokkum fremur barist fyrir því að Ísland geti átt möguleika á því að verða olíuríki.

Þá hefur verið litið til Noregs og þeirra auðæfa sem olíuvinnsla hefur fært frændum okkar. Þannig var Össur Skarphéðinsson vart búinn að koma sér fyrir sem iðnaðarráðherra í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar árið 2007 þegar hann byrjaði á láta sig dreyma um embætti olíumálaráðherra. Þá strax hóf hann að ryðja brautina fyrir rannsóknnum á Drekasvæðinu og tala fyrir nauðsyn þess að stofna sérstakan olíusjóð og ríkisolíufélag.

VG styður olíuleit

Össur hélt áfram að vinna að framgangi málsins í ríkisstjórn Samfylkingar og VG en fram að þingkosningum 2009 var hann iðnaðarráðherra auk þess að ráða völdum í utanríkisráðuneytinu.

Svo virðist sem aðeins einu sinni hafi hlaupið snurða á þráðinn í samstarfi við VG í olíumálinu. Nokkrum dögum fyrir kosningar lýsti Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra því yfir að olíuvinnsla væri í andstöðu við hugmyndafræði vinstri grænna um sjálfbæra þróun, sjálfbæra orkustefnu og atvinnustefnu. Ummælin féllu 22. apríl í fréttatíma Stöðvar 2. Áður en kvöldið var liðið sendi VG út tilkynningu þar sem áréttað var að „flokkurinn hefur ekki lagst gegn olíuleit á Drekasvæðinu“:

„Vinstri græn hafa að sjálfsögðu sett alla fyrirvara um umhverfisáhrif og mengunarvarnir við mögulega olíuleit og olíuvinnslu eins og í öllum öðrum málum, en þingmenn flokksins hafa stutt hugmyndir um þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á norðanverðum Austfjörðum.“

Með þessa yfirlýsingu í farteskinu vann ríkisstjórn Samfylkingar og VG að því að hrinda draumnum um íslenskt olíuríki í framkvæmd.

Katrín Júlíusdóttir, sem tók við iðnaðarráðuneytinu eftir kosningar 2009, var ekki síður áhugasöm en Össur um olíuleit og -vinnslu og það víðar en á Drekasvæðinu. Í fyrirspurnartíma á Alþingi í mars 2010 lýsti hún því yfir að Öxarfjörður og Skjálfandi væru „alltaf uppi á borðum hjá okkur“ en nú væri „hins vegar verið að fókusera á Drekasvæðið“.

Bjartsýnin skein af Katrínu á þingi í nóvember sama ár:

„Og ég er afar bjartsýn fyrir framtíðarolíuvinnslu Íslendinga tengda Drekasvæðinu og tel að við eigum eftir að sjá hana verða að veruleika, jafnvel í okkar tíð sem stjórnámálanna hér á þessu þingi.“

„Orkuþríhyrningur“

Á ráðstefnu Arion banka í júní 2012 var Össur Skarphéðinsson

vonglaður og taldi að fyrir árið 2025 mætti gera ráð fyrir þremur olíusvæðum norður af Íslandi – einskonar „orkuþríhyrningi“ sem nái frá Austur-Grænlandi til Jan Mayen. Í ljósi legu Íslands og sterkra innviða væri eðlilegt að Ísland yrði miðstöð þjónustu við olíuleit og –vinnslu.

Eftir að Steingrímur J. Sigfússon, leiðtogi vinstri grænna, tók við sem atvinnu- og nýsköpunarráðherra, var hann áhugasamur um olíuvinnslu og sór sig í bandalag með samfylkingum. Smugan – vefrit VG – sagði 10. desember 2012:

„Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra segir í blaðinu [Financial Times] að olíufundur geti haft mikil áhrif á íslenskan efnahag þótt einungis verði hægt að vinna lítið magn, landið gæti orðið í svipaðri stöðu og Noregur sem sé lítið land, Ísland sé hinsvegar örlítið og Færeyjar enn minna.“

Steingrímur J. varði olíuáformin fimlega í grein sem birtist í Fréttablaðinu 12 janúar 2013. Nokkrum dögum áður höfðu verið veitt tvö sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Steingrímur sagði útgáfu leyfanna áfanga á langri leið:

„Á það er þó réttilega bent að aðeins megi vinna um þriðjung þekktra kolefnisbirgða í jörðu næstu fjörutíu árin eða svo ef markmið um að halda hlýnun jarðar innan við tvær gráður eigi að nást. Af þessum birgðum eru hins vegar tæpir tveir þriðju kol og brúnkol og því er ljóst að langmestum sköpum skiptir fyrir loftslagið hvort tekst að draga úr brennslu þeirrar gríðarlegu kolefnisuppsprettu. Kröfur um að Ísland gefi fyrir fram frá sér hugsanlega olíuvinnslu, sem væntanlega yrði í afar takmörkuðum mæli, í þágu baráttunnar gegn hlýnun jarðar verður að skoða í þessu stóra samhengi öllu. Ekki ætlum við að fórnar sjálfbærum fiskveiðum okkar vegna ofveiði annarra þjóða.“

Össur Skarphéðinsson skrifaði í Fréttablaðið 4. mars 2013 – í aðdraganda kosninga – að hagnaðurinn af olíuvinnslu gæti runnið í sérstakan olíusjóð að fordæmi Norðmanna:

„Þannig yrði tryggt að afrakstur lindanna kæmi núverandi kynslóðum aðeins til góða að litlu leyti en yrði ávaxtaður fyrir komandi kynslóðir, í krafti þeirrar fallegu röksemdar að hinir ófæddu eigi sinn skerf í endanlegum auðlindum þjóðarinnar.“

Aukin pólitísk áhætta

Þessi fallega framtíðarsýn í aðdraganda kosninga átti ekki síst að

höfða til yngri kjósenda. Nú hefur landsfundur Samfylkingarinnar ákveðið að þessi framtíðarsýn hafi verið byggð á „mistökum“ og því nauðsynlegt „að vinna ofan“ af þeim. Á grunni þessara „mistaka“ hafa fyrirtæki á sviði olíuleitar verið tilbúin til að leggja í tugmilljarða fjárfestingar. Líklega eiga þau að éta það sem úti frýs.

Stjórn mála flokkar hafa fullt leyfi til að taka U-beygju í stefnumörkun. Líklega munu fjárfestar – innlendir sem erlendir – hugsa sig tvisvar um þegar og ef Samfylkingin kemst aftur í ríkisstjórn.

Áhætta er alltaf til staðar þegar ráðist er í uppbyggingu atvinnulífsins en fjárfestar forðast pólitíska áhættu eins og heitan eldinn. Þátttaka samfylkinga í ríkisstjórn á komandi árum mun auka hina pólitísku áhættu og draga úr áhuga fjárfesta á íslensku atvinnulífi. Ekki aðeins er varðar hugsanlega olíuvinnslu og þjónustu, heldur á öllum sviðum.

Samfylkingin hefur sýnt að kúvending í mikilvægum málum getur alltaf verið handan við hornið – á næsta landsfundi. En kannski tekst Samfylkingunni vel upp á atkvæðaveiðum á grunnslóð VG enda hafa vinstri grænir borið á sig dálítið af olíu á síðustu árin.

25. mars 2015

Draumur breytist í martröð

Frá kosningum 2009 hafa nær sex af hverjum tíu kjósendum Samfylkingarinnar snúið baki við flokknum sem átti að verða sameiningarafl íslenskra vinstri manna. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Gallup er fylgi Samfylkingarinnar aðeins 12,4%.

Sameiningarflokki vinstri manna, sem átti að verða „turn“ í íslenskum stjórnámálum, hefur ekki aðeins tekist að eyða öllu fylgi Kvinnalísts, Þjóðvaka og þess hluta Alþýðubandalagsins sem gekk í Samfylkinguna, heldur naga af kratafylginu. Stuðningur við Samfylkinguna er töluvert undir 14,3% meðalfylgi Alþýðuflokksins, sáluga, í tíu kosningum frá 1963 til 1995.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, virðist sannfærður um að vandi flokksins sé ímyndarvandi en ekki hugmyndafræðilegur. Á Sprengisandi Bylgjunnar síðastliðinn sunnudag viðurkenndi formaðurinn að slakt gengi væri áfellsdómur. Flokkurinn hefði ekki orðið „vettvangur“ fólks sem vill „málefnalega nýsköpun á miðju íslenskra stjórn mála“ (hvað svo sem það nú þýðir). Árni Páll taldi að fyrst hafi

nýsköpunarsinnar leitað í raðir Bjartrar framtíðar en horfi nú til Pírata. Á Sprengisandi hélt formaðurinn því fram að fólkið vilji opnara samfélag, halda aðildarviðræðum við Evrópusambandinu áfram, beint lýðræði og stjórnkerfisbætur. Allt væru þetta málefni sem „Samfylkingin hefur barist fyrir á hæl og hnakka frá því að hún var stofnuð“.

Kokhreysti

Það er mikil kokhreysti að halda því fram að Samfylkingin hafi „barist á hæl og hnakka“ fyrir opnara samfélagi, beinu lýðræði og stjórnkerfisbótum.

Í rúmlega fimm ár leiddi Samfylkingin ríkisstjórn sem gerði flest annað en að opna samfélagið og lagði lykkju á leið sína til að takmarka aðgang almennings að upplýsingum. Þingmenn flokksins komu í veg fyrir að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu og börðust gegn því að landsmenn greiddu atkvæði um lcesave-samninga ríkisstjórnar sem kenndi sig við norræna velferð en vildi þjóðnýta skuldir einkaaðila og leggja þungar byrðar á launafólk um ókomna framtíð. Stjórnkerfisbætur Samfylkingarinnar fólust í því að þenja út kerfið, setja flóknari reglur, auka eftirlit og tilraunum til að eyðileggja stjórnarráðið.

Hitt er rétt að Árni Páll og félagar hafa verið staðfastir í baráttunni fyrir aðild að Evrópusambandinu, enda er aðildin sögð allsherjarlausn á vanda Íslendinga.

Umbúðir og innihald

Fyrir flokksformann er þægilegt að skýra út fylgishrun með þeim hætti sem Árni Páll gerði síðastliðinn sunnudag. Samfylkingar þurfi bara að haga „orðræðunni“ með öðrum hætti og koma kjósendum í skilning um að flokkurinn sé ekki kerfisflokkur og alls ekki hluti af fjórflokknum.

Ekki skal dregið í efa að samfylkingum sé nauðsynlegt að haga orðræðunni með öðrum hætti en þeir hafa gert. Þannig væri skynsamlegt að leggja meira upp úr innihaldi en orðskrúði og umbúðum. Það nægir ekki að raða saman fallegum orðum líkt og Árni Páll gerði í pistli á heimasíðu sinni í aðdraganda formannskosninga 2013, þegar hann hafði betur í keppninni við Guðbjart Hannesson:

„Samfylkingin er eini flokkurinn sem byggir á svo sterkum rótum að geta með trúverðugum hætti ofið saman kvenfrelsi, verkalyðsbaráttu, velferðarsjónarmið, græn gildi, þjóðfrelsi, alþjóðahyggju og athafnafrelsi í óslítanlegan streng. Í þessari blöndu býr

ótrúlegur kyngikraftur og á hennar grunni er auðvelt að veita svör við erfiðustu álitamálum okkar tíma. Spurningin er hvort við kjósum að nýta þetta hreyfiafl, rækta það og sækja fram með það sem höfuðvopn?”

Krafturinn í orðablöndu Árna Páls hefur ekki reynst mikill og ekki hefur Samfylkingunni auðnast að „veita svör við erfiðustu álitamálum“ nema þá það eitt að svörin liggi grafin í Brussel.

Samfylkingin hefur á nokkrum árum sveiflast frá því að vera flokkur sem tók sér stöðu með nokkrum stórfyrirtækjum og umsvifamiklum kaupsýslumönnum, yfir í að vera róttækur vinstri flokkur ríkisafskipta og þungrar skattheimtu – frá því að vera flokkur sem boðaði einfalda lausn (Evrópusambandið) á öllum vanda yfir í að vilja vera vettvangur „nýsköpunar“ í stjórnámálum – frá því að vera flokkur með rætur í verkahlýðshreyfingunni í sambræðing vinstrisinnaðra menntamanna.

Klofningur til sameiningar

Íslenskir vinstri menn hafa átt þá ósk heitasta að standa sameinaðir í baráttunni gegn borgaralegum öflum, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn er styrkasta brjóstvörnin. Í nær níutíu ár hafa þeir aldrei borið gæfu til þess þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Með stofnun Samfylkingarinnar átti draumurinn loks að rætast. Sá draumur er að breytast í martröð. Sundrungarganga íslenskra vinstri manna heldur því áfram.

Það hefur verið háttur vinstri manna að efna til klofnings til að ná fram sameiningu. Kannski að einhverjir komist að þeirri niðurstöðu að best sé að skapa nýjan vettvang „nýsköpunar“ með enn einum stjórn-málaaflokkinum. Þá væri hægt að hafa til hliðsjónar stjórn-málaályktun sem samþykkt var á stofnþingi Samtaka vinstri manna og frjálslyndra í nóvember 1969 þar sem sagði meðal annars:

„Samtökin telja það mál mála, að takist að sameina alla íslenska jafnaðarmenn og samvinnumenn í einum sterkum og vaxandi stjórn-málaaflokki, sem reynst geti hæfur til að taka forystu fyrir sóknaröflum þjóðfélagsins.“

1. júlí 2015

Líf í glæðum sósíalismsans

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur lagt til að sett verði þak á húsaleigu. Í grein sem birtist í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag bendir Katrín á að æ fleiri glími við húsnæðisvanda og nú þurfi „alvöru úrræði“. Í huga formanns Vinstri grænna felast „alvöru úrræði“ í því að ríkið grípi í taumana og ákvarði hámarksleigu. (Ekki veit ég hvort Katrín telur rétt að eitt sameiginlegt þak sé fyrir landið allt eða hvort sérstakri ríkisstofnun verði falið að setja þak á húsaleigu eftir sveitarfélögum eða jafnvel hverfum á höfuðborgarsvæðinu.)

Eygló Harðardóttir, ráðherra húsnæðismála, hefur svipaðar skoðanir og formaður Vinstri grænna. Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 lýsti ráðherrann því yfir að verið væri að skoða að setja sérstakar reglur til að takmarka hækkun húsaleigu.

Það er líf í glæðum sósíalismsans á Íslandi.

Góður vilji formanns Vinstri grænna og húsnæðismálaráðherra verður ekki dreginn í efa. Með inngripum ríkisvaldsins, lögum og reglum, vilja Katrín og Eygló tryggja stöðu leigjenda og koma í veg fyrir að leigumarkaðurinn lúti „frumskógarlögum“, eins og sú fyrrnefnda heldur fram í áðurnefndri grein. En líkt og oft áður þegar góðhjartaðir stjórnámálamenn vilja beita ríkisvaldinu með inngripum til að leysa vandamál verður afleiðingin verri en vandinn sem glímt er við.

Þak á húsaleigu og/ eða reglur um verðbreytingar auka vandann á leigumarkaði en leysa hann ekki. Framboð á leiguhúsnæði mun dragast saman – íbúðum sem boðnar eru til leigu fækkar og staða leigjenda versnar. Hér gildir einfalt lög mál hagfræðinnar sem velviljaðir stjórnámálamenn geta ekki tekið úr sambandi – ekki frekar en þeir búi yfir mætti til að breyta þyngdarlögmálinu.

Þjóðir sem reynt hafa að ganga gegn lög máli framboðs og eftirspurnar hafa allar lent í ógöngum, neðanjarðarhagkerfi hefur myndast með tilheyrandi raunverulegum „frumskógarlögum“ og að lokum riðar alls samfélagið til falls. Skortur og svartamarkaður eru tvíburabræður og óskilgetin afkvæmi hafta og verðlagsþvingana. Formaður Vinstri grænna hefur ákveðið að slást í för með þeim bræðrum og ráðherra húsnæðismála fylgir í humátt á eftir.

Hlutverk hins opinbera

Auðvitað kemur ekki á óvart að þeir stjórnámálamenn sem sækja hug-

myndir sínar í hugsjónakistu sósíalista vilji ekki ryðja braut séreignarstefunnar. Löngun einstaklingsins og fjölskyldu hans að verða eignafólk sem býr í eigin húsnæði er álitin hugsunarháttur smáborgarans.

Þess vegna er áherslan á leigumarkað með félagslegum íbúðum, ströngu verðlagseftirliti á almennum leigumarkaði, auknum millifærslum og hærri bótum. Í stað þess að gefa fólki raunverulegt val í húsnæðismálum er skipulega unnið að því að fjölga leigjendum, fækka þeim sem eiga eigið húsnæði og gjörbreyta þannig samfélagsgerðinni.

Mismunandi skoðanir og hugmyndir um lausn á þeim vanda sem blasir við á húsnæðismarkaði endurspeglar ólíka sýn á samfélagið sem við viljum móta. Sá sem hér heldur um pennann er í hópi þeirra sem berjast fyrir valfrelsi einstaklinganna og að sem flestir verði eignamenn og fjárhagslega sjálfstæðir.

Ástæður vandans sem glímt er við á húsnæðismarkaði má að stærstum hluta rekja til aðgerða og aðgerðaleyfis opinberra aðila, jafnt ríkis og sveitarfélaga. Regluverk hefur verið sniðið með þeim hætti að erfitt og jafnvel útilokað hefur verið að byggja ódýrar íbúðir og stærsta sveitarfélag landsins hefur brugðist skyldu sinni við að tryggja nægjanlegt framboð af lóðum.

Ef almennur pólitískur vilji er til að tryggja hag leigjenda verður það ekki gert með öðrum hætti en að framboð á leiguhúsnæði aukist og/ eða að einstaklingar og fjölskyldur eigi raunverulegt val um að kaupa íbúð eða leigja. Aukið framboð lækkar verð á leiguhúsnæði og minni eftirspurn (með því að fólk kaupir fremur en leigi) ýtir einnig undir verðlækkun.

Vilja eigin íbúð

Samkvæmt félagsvísunum Hagstofunnar voru 31 þúsund heimili í leiguhúsnæði árið 2013, eða um 25% allra heimila. Leigjendum hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum, en 2007 voru liðlega 15% heimila á leigumarkaði. Ýmislegt bendir til að þeim hafi fjölgað enn á síðasta ári, en Hagstofan vinnur að nýrri úttekt á húsnæðismarkaðnum og birtir eftir nokkrar vikur.

Í Hagsjá Landsbankans í síðustu viku er réttilega bent á að þrátt „fyrir að mikil umræða sé sífellt í gangi um leigumarkaðinn hafa skoðanakannanir ítrekað sýnt að Íslendingar vilja miklu frekar búa í eigin húsnæði en leigja“. Sérfræðingar bankans vitna þessu til staðfestingar í niðurstöðu könnunar sem Gallup gerði sumarið 2014. Niðurstaðan var ótvíræð:

Um 90% vilja frekar eiga fasteign en leigja hana!

Af þessu má ætla að allt að 18 þúsund heimili sem eru á leigumarkaði vilji eignast eigið húsnæði sé þess kostur.

Með öðrum orðum: Lausn á vanda leigjenda felst fyrst og fremst í því að byggja aftur upp séreignarstefnuna og gera almenningi kleift að láta drauminn um eigið húsnæði rætast. Þar með dregur úr eftirspurn eftir leiguhúsnæði og leiguverð lækkar.

Draumurinn rætist ekki með opinberum þvingunaraðgerðum líkt og formaður Vinstri grænna leggur til.

Stuðningskerfi á villigötum

Ég hef áður bent á að frá aldamótum hefur ríkið sett 242 þúsund milljónir króna í húsnæðismál, mest í vaxtabætur og um 62 þúsund milljónir til að bjarga Íbúðalánasjóði frá gjaldþroti. Í stað niðurgreiðslu vaxta og björgunaraðgerða á opinberum lánasjóði hefði ríkið getað nýtt þessa fjármuni með skynsamlegri hætti. Hægt hefði verið að styðja við bakið á 40 þúsund fjölskyldum og einstaklingum við fyrstu íbúðarkaup með ígildi 20% eiginfjár í 30 milljóna króna íbúð.

Og það er hægt að gera meira.

Samtök iðnaðarins hafa sýnt fram á að með lækkun opinberra gjalda, s.s. lóðagjalda, skilvirkari stjórnarsýslu og breytingum á byggingareglugerðum sé hægt að lækka byggingarkostnað 80-120 fermetra íbúðar um 4-6 milljónir króna að meðaltali.

Allir græða

Fleiri en nokkru sinni geta eignast sína eigin íbúð og þeir sem fremur kjósa að leigja munu njóta hlutfallslega aukins framboðs af leiguhúsnæði á hagstæðara verði.

Stjórnámálamenn sem reyna að blása líf í glæður sósíalísmans munu aldrei koma með lausnir af þessu tagi.

19. ágúst 2015

Ærslagangur yfirboða og „sam-særi gegn skattgreiðendum“

Adam Smith skrifaði í Auðlegð þjóðanna 1776:

„Fólk, sem stundar sömu atvinnugrein, fer sjaldan hvert á annars fund, jafnvel sér til skemmtunar og afþreyingar, svo að sam-

ræður þess endi ekki í samsæri gegn almenningi eða einhverju ráðabruggi um að hækka verð.“

Með nokkurri einföldun er hægt að heimfæra þessi gömlu sannindi upp á íslensk stjórnámál:

„Stjórnámálamenn koma sjaldan saman án þess að leggja drög að samsæri gegn skattgreiðendum eða einhverju ráðabruggi um að hækka skatta og auka útgjöld hins opinbera.“

Vinnufundur þingmanna og varaþingmanna Samfylkingarinnar síðastliðinn mánudag rennir stoðum undir að nokkur sanngirni sé fólgin í ofangreindri fullyrðingu um of marga stjórnámálamenn í flestum ef ekki öllum flokkum. Að minnsta kosti voru það ekki hagsmunir skattgreiðenda sem voru ofarlega í hugum forystumanna Samfylkingarinnar, sem nú berjast fyrir pólitískri tilvist sinni, eftir að draumurinn um að flokkurinn yrði „turn“ í íslenskum stjórnámálum snerist upp í martröð.

Loforð og skattgreiðendur

Samkvæmt frétt á heimasíðu Samfylkingarinnar var ákveðið á vinnufundinum að í vetur skuli barist fyrir og lögð áhersla á:

- að tekið verði við a.m.k. 500 flóttamönnum á næstu tveimur árum,
- að grunnlífeyrir hækki í 300 þúsund krónur á mánuði,
- að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði og mánaðarlegar greiðslur hækkaðar,
- að útgjöld til heilbrigðismála verði aukin,
- að framlög til þróunaraðstoðar verði aukin,
- að framlög til alþjóðlegra flóttamannastofnana verði hækkuð.

Undir öllum þessum loforðum eiga íslenskir skattgreiðendur að standa, líklega með þyngri álögum. Að minnsta kosti segir ekkert í fréttum af vinnufundinum af tillögum samfylkinga um niðurskurð og sparnað til að fjármagna allt sem gera skal. (Hver veit nema rykið verði dustað af hugmyndum frá síðasta kjörtímabili um allt að 80% tekjuskatt á einstaklinga.)

Aðhaldsleysi fjölmiðla

Útilokað er að átta sig á því hvað baráttumálin kosta, takist samfylkingum að vinna þeim brautargengi. Aðeins er ljóst að um tugi milljarða króna er að ræða. Á uppboðsmarkaði stjórnámálanna hafa menn litlar áhyggjur af slíkum smáárum. Hástemmd loforð og fyrirheit eru hluti af sjónleik íslenskra stjórnamála sem hefur þróast í skjóli fjölmiðla. Fáir

vilja taka að sér hlutverk barnsins sem bendir á að keisarinn er ekki í neinum fötum. Þvert á móti ýta fjölmiðlar undir ærslagang loforða, birta fréttir og viðtöl við þá sem mestu lofa.

Aðhaldsleysi fjölmiðla gefur stjórnámálamönnum tækifæri til að gefa loforð og undirrita viljayfirlýsingar um hitt og þetta, án þess að huga að því hvort innistæður séu fyrir hendi eða möguleikar á að efna fyrirheitin.

En þar er ein undantekning. Stjórnámálamaður sem boðar skatta-lækkanir er alltaf krafinn svara við því hvernig hann ætlar að „fjármagna“ lækkun skatta. Pólitískur keppinautur hans, sem boðar aukin útgjöld, getur reiknað með að fá að mestu frítt spil.

Samfylkingin er ekki eini stjórnámálflokkurinn sem reglulega setur á svið loforðasjónleik. Freistingin er of mikil og áhætta of lítil til að aðrir stjórnámálamenn standist hana. Hugmyndir húsnæðismálaráðherra um að einstaklingur með lágar tekjur þurfi ekki að greiða nema 20- 25% af tekjum í leigu, geta vart talist annað en sjónarspil enda efnahagslegt glapræði. Markmiðið er göfugt en afleiðingarnar geta orðið skelfilegar. Innleiddir verða neikvæðir hvatar fyrir fólk til að afla sér tekna. Með umfangsmiklu bótakerfi verður stór hluti launafólks beinlínis hvattur til þess að lækka atvinnutekjur sínar því þannig geta ráðstöfunartekjur hækkað. Sett verður af stað öfugsnúin hringekja sem endar ferð sína með ósköpum. Fjölmiðlar hafa lítinn áhuga á væntanlegum kostnaði við umfangsmikið húsnæðisbótakerfi og sýna ótrúlegt sinnuleysi við að varpa ljósi á áhrif og afleiðingar þess.

„Töfralausn“ á húsnæðisvanda

Á vinnufundinum komust þingmenn Samfylkingarinnar að þeirri niðurstöðu að húsnæðismálin séu „alvarlegasta velferðarviðfangs-efnið“. Og hvernig ætlar Samfylkingin að leysa vandann? Jú, með nokkuð einföldum hætti:

Með skattaafslætti af útleigu einnar íbúðar og með því að leggja „áfram áherslu á leigumarkaðinn, fjölgun íbúða og að komið verði á alvöru úrræðum fyrir ungt fólk til að eignast eða leigja fyrstu íbúð“.

Þar með er húsnæðisvandinn leystur! Líklega er aðeins beðið eftir að Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, efni 75-80 milljarða króna kosningaloforð um þúsundir leiguíbúða. Borgin er að vísu í alvarlegum fjárhagsvanda. Borgar-sjóður eyðir um efni fram og jók skuldir sínar um 26 milljónir króna á hverjum einasta degi (virka daga sem helgidaga) á fyrri hluta ársins. Til að „redda“ málunum mun borgin leggja sérstakt gjald á nýjar íbúðir

við Vogabyggð. Kannski er gjaldið einnig hluti af „alvöru úrræðum fyrir ungt fólk“ sem Samfylkingin ætlar að leggja áherslu á að gripið verði til.

Sópað út í horn

Auk viðamikilla útgjaldamála ætlar Samfylkingin að nýta komandi vetur „til setja í forgang að koma fyrsta áfanga stjórnarskrárbreytinga í höfn“ og „finna leiðir til að mæta minnkandi kosningabátttöku“ með sérstökum farandkjörklefum.

Merkasta ákvörðun vinnufundarins vekur hins vegar litla athygli. Evrópusambandið og aðild Íslands hefur verið tekin af dagskrá, enda búið að loka Evrópustofu. Helsta stefnumáli Samfylkingarinnar (og að því er virtist því eina í áratug) hefur verið sópað út í horn. Það segir meira um pólitíska stöðu flokksins en yfirboðin sem samþykkt voru.

2. september 2015

Píratar breytast í hefðbundinn stjórnmálaflokk

„Ekkert okkar ætlar að fara fram aftur. Birgitta er búin að margsegja að hún verði ekki á þingi í fleiri en tvö kjörtímabil. Helgi Hrafn ætlar ekki aftur fram og ég ætla ekki aftur fram.“

Þetta sagði Jón Þór Ólafsson, þáverandi þingmaður Pírata, í viðtali við DV 30. maí 2014. Hann lýsti því yfir að hann myndi hætta á þingi á komandi ári. Ástæðan var einföld: Þar sem enginn hinna þriggja sitjandi þingmanna ætlaði að halda áfram vildi hann gefa varaþingmanni sínum tækifæri:

„Það að fara inn í næstu kosningabaráttu með engan þingmann væri svolítið mikill missir á þeirri þekkingu sem hefur skapast. Ef ég stíg til hliðar á miðju kjörtímabilinu þá hefur Ásta [Guðrún Helgadóttir], varaþingmaðurinn minn, sem er Pírati inn að beini og blóðheit í baráttunni, tvö ár til að sanna sig og ná tókum á starfinu.“

Hámark átta ár á þingi

Jón Þór stóð við yfirlýsingar sínar og lét af þingstörfum sumarið 2015. Hann hefði áhyggjulaus getað haldið áfram því ljóst er að Birgitta Jónsdóttir, sem var fyrst kjörin á þing 2009 fyrir Borgarahreyfinguna, ætlar

að sækjast eftir endurkjöri. Eitt af baráttumálum Birgittu og félaga hennar fyrir kosningarnar 2009 var:

„Við viljum að þingmenn sitji ekki lengur en 8 ár á þingi.“

Nokkrum vikum eftir að Jón Þór hvarf af þingi héldu Píratar aðalfund og í setningarræðu lýsti Birgitta Jónsdóttir því yfir að Píratar væru tilbúnir til að gera bindandi samkomulag við aðra flokka fyrir kosningar um að næsta kjörtímabil verði aðeins níu mánuðir og að á sex mánuðum verði annars vegar lögfest ný stjórnarskrá og hins vegar boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi aðildarviðræðum við Evrópusambandið áfram:

„Mér finnst þetta vera verkefni sem ég er til í að leggja allt í sölurnar fyrir og það eina sem gæti orðið til þess að ég treysti mér aftur í framboð.“

Flokkseigendafélag Pírata

Í skjóli yfirlýsingar um bindandi samkomulag fyrir kosningar, ákvað Birgitta að lengja þingmennsku sína um a.m.k. níu mánuði. En bindandi samkomulag er ekki lengur forsenda þess að Birgitta haldi áfram þingmennsku. Nú er það baráttan við frjálshyggjufólk sem rekur þingmanninn aftur í framboð.

Birgitta skrifaði eftirfarandi skilaboð á fésbókarsíðu Frjálshyggjufélagsins 26. janúar síðastliðinn:

„Ég ætla að bjóða mig fram þó það væri ekki nema til að tryggja að ykkar hugmyndafræði taki ekki yfir Pírata.“

Gamall „flokkseigandi“ hefði vart getað orðað þetta með skýrari hætti: Þetta er flokkurinn minn, ég ræð og móta stefnuna. Þeir sem stíga ekki í takt við mig eru óæskilegir og óvelkomnir.

Flokkseigendafélag Pírata hefur ákveðið að gera þá sem aðhyllast frjálshyggju útlæga úr flokknum. Þannig eru Píratar að líkjast æ meira hefðbundnum vinstri flokki, þar sem agavaldi er beitt og fámenn „klíka“ ákveður hverjir skuli vera framboði og hverjir ekki.

Í takt við aðra vinstri flokka

Í störfum sínum á þingi og í meirihluta borgarstjórnar hafa Píratar tekið upp síði hinna hefðbundnu stjórnámálanna. Borgarþúar eiga erfitt með að átta sig á því hver munurinn er á Pírötum og Samfylkingunni og mörkin milli Vinstri grænna og Pírata eru enn óskýrari. Munurinn á Pírötum og Bjartri framtíð virðist fyrst og fremst liggja í því að síðarnefndi flokkurinn er orðinn að engu.

Á þingi stíga Píratar í takt við stjórnarandstöðuna. Þeir taka þátt í málþófi í náninni samvinnu við aðra vinstri flokka og gerast meðflutningsmenn frumvarpa sem gera ráð fyrir aukinni skattheimtu og auknum útgjöldum ríkissjóðs.

Jafnvel forseti Lýðveldisins fer fyrir brjóstið á flokkseigendum Pírata sem sverja sig þannig í bræðralag með gömlum flokkseigendum Alþýðubandalagsins. Við setningu Alþingis á liðnu hausti varaði Ólafur Ragnar Grímsson við vanhugsuðum breytingum á stjórnarskrá Lýðveldisins. Þá var Birgittu nóg boðið og sakaði forseta að hafa „fært sig inn á háskalegar og gerræðislegar brautir gagnvart þingræðinu“.

Vonir um breiðfylkingu

Össur Skarphéðinsson, sem kallar sjálfan sig heiðurspírata, hefur gert hosur sínar grænar fyrir Birgittu og félögum. Miðað við fylgi Samfylkingarinnar er skiljanlegt að Össur leiti skjóls hjá Pírötum sem hann lítur „á sem pólitíska frændur og frænkur“, en ekki hægri flokk. „Ég man varla eftir þingmáli frá þeim sem ég gat ekki stutt og þeir hafa stutt mörg mál okkar í Samfylkingunni,“ sagði Össur í viðtali við Fréttablaðið 13. nóvember á síðasta ári.

Draumur Össurar er að mynduð verði „breiðfylking“ til að breyta stjórnarskránni, kjósa um aðildarumsókn að Evrópusambandinu og „leysa deilur um fiskveiðistjórnun og hálendið í eitt skipti fyrir öll í þjóðaratkvæðagreiðslu“:

„Ég get vel hugsað mér að starfa með sjóræningja fyrir borðs-
endanum í stjórnarráðinu.“

Össur vill að næsta vinstri stjórn verði undir forsæti Birgittu Jónsdóttur en sjálfur fékk hann rúmlega fjögur ár til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd en varð lítið úr verki, annað en að senda inn aðildarumsókn til Brussel og koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú leitar hann á náðir pólitískra skyldmenna sem geta vart annað en tekið honum vel. Össur, líkt og Píratar, vill að kosningarnar á komandi ári snúist um breytingar á stjórnarskrá.

Það er skiljanlegt að vinstri menn vilji ekki láta kjósa um efnahagsmál og bætt lífskjör. Þess vegna hafa þeir sérstaka hagsmuni af því að ekki náist samstaða í stjórnarskrárnefnd þannig að hægt sé að breyta stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu á sumri komandi – löngu fyrir kosningar.

Hvernig væri lífið þá?

Ég velti því stundum fyrir mér hvernig líf okkar Íslendinga væri ef hugmyndafræði vinstrimanna hefði haft betur í samkeppninni við borgaraleg viðhorf. Alltaf kemst ég að sömu niðurstöðu: Tilveran væri fremur grámygluleg, litbrigði mannlífsins fábreyttari, möguleikarnir takmarkaðri, lífskjörin lakari og framtíðin ekki skárrí.

Eðli máls samkvæmt taka ekki allir undir með mér og allra síst hörðustu vinstrimennirnir – hinir sanntrúðu sósíalistar og félagshyggjumenn. Þá er ekki annað en að benda þeim á söguna – rifja upp hvernig þeir lögðu hvern steininn á fætur öðrum í götu frelsisins. Hugmyndafræði vinstrimanna hefði seint leyft þjóðinni að brjótast út úr mestu höftunum líkt og gert var á viðreisnarárum Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks.

Kannski væri Raftækjaverslun ríkisins enn starfandi líkt og innflutningsskrifstofan sem deildi út innflutningsleyfum. Þeim fækkar Íslendingunum sem muna eftir þjóðfélagi hafta þar sem allt var háð leyfum. Við erum fleiri sem lítum á það sem sjálfsagðan og eðlilega hlut að geta keypt sjónvörp og ísskápa án afskipta opinberra embættismanna. Að ekki sé talað um epli, appelsínur og erlent sælgæti, bíla, mótörhjól, tölvur, snjallsíma og fatnað.

Verslunarfrelsið fékkst ekki án átaka og oft harðra átaka. Harðir baráttumenn frelsis höfðu betur og hugmyndafræði ríkisafskipta og vinstrimanna varð undir.

Hið sama á við um frelsi í fjölmiðlum.

Múrar forræðishyggjunnar

Ríkisútvarpið sæti líklegast eitt að kötlum ljósvakamiðlunar, enda byrjað að sjónvarpa á fimmtudögum og ekki slökkt á útsendingum í júlí ár hvert. Stöð 2 hefði aldrei orðið til og áhugamenn um enska boltann ættu ekki annan kost en að horfa á vikugamla leiki á laugardagssíðdegi, nema þeir fyndu netsíður með höktandi streymi af leikjum dagsins. Skjár einn, ÍNNTV, N4 og Hringbraut? Ekki til. Bylgjan, FM957, Útvarp Saga, Lindin og fjöldi annarra útvarpsstöðva væru ekki í loftinu. Ætli íslensk kvikmynda- og dagskrárgerð væri ekki fátækari, að ekki sé talað um tónlistarlíf, án frelsis á öldum ljósvakans.

Afnám einokunar ríkisins á ljósvakamiðlun kom ekki af sjálfu sér og það þurfti margar tilraunir. Það var ekki fyrr en í júní 1985 sem loksins tókst að ná meirihluta á Alþingi fyrir frelsinu sem öllum finnst í dag eðlilegt og lífsnauðsynlegt. Aðeins einn stjórnmálaflokkur stóð einhuga

að því að veita frelsinu brautargengi; Sjálfstæðisflokkurinn. Enginn þingmaður þeirra flokka, sem sameinuðust í nafni Samfylkingarinnar (og klofnuðu einnig undir fána Vinstri-grænna), lagðist á frelsisárarnar. Fjórir þessara þingmanna sátu hjá en hinir voru á móti. Aðeins fjórir þingmenn Framsóknarflokksins studdu frumvarpið, þrír voru á móti en sjö sátu hjá.

Múrar forræðisbyggjunnar brotnuðu heldur ekki af sjálfu sér þegar loksins var leyft að selja áfengan bjór hér á landi. Ekki frekar en þegar einokun ríkisins á fjarskiptamarkaði var brotin á bak aftur. Ríkishyggja vinstrianna hefði aldrei talið nauðsynlegt að innleiða samkeppni á fjarskiptamarkaði og það hefði verið fráleitt að selja ríkisfyrirtæki. Við værum enn með gamla góða Landsímann. Nova hefði aldrei fæðst, ekki frekar en Vodafone eða önnur fyrirtæki sem keppast við að bjóða okkur þjónustu sína.

Margrét Pála Ólafsdóttir hefði aldrei látið sig dreyma um að koma á fót grunn- og leikskóla undir merkjum Hjallastefnunnar ef félagshyggja vinstrielítunnar hefði haft sigur. Háskólinn í Reykjavík væri ekki til og ólíklegt er að Verslunarskólinn hefði fengið að blómstra. Tækniskólinn væri hvorki fugl né fiskur. Möguleikar ungs fólks til menntunar væru takmarkaðri.

Dæmin eru fjölmörg – lítil og stór.

Mannkyn leitt til glötunar!

Undir stjórn vinstrianna hefði efnahagslífið mótast af þeirri sannfæringu að að kapitalismi, „sem gerir ráð fyrir endalausum hagvexti“, leiði mannkynið til glötunar, eins og fyrrverandi ráðherra Vinstri-grænna hefur haldið fram. Þess vegna hefði böndum verið komið á frjáls viðskipti og hinn „endalaus hagvöxtur“ þannig takmarkaður.

Hefði það skipt einhverju máli? Heldur betur, ef bæta á lífskjör almennings eða að minnsta kosti tryggja að verðmætasköpun efnahagslífsins aukist ekki hægar en fjölgun íbúanna. Bætt lífskjör verða ekki sótt annað en í aukna verðmætasköpun – hagvöxt.

Í þessu sambandi er vert að hafa einfalda staðreynd í huga:

Það tekur 70 ár að tvöfalda landsframleiðsluna ef hagvöxtur er að meðaltali 1% á ári. Takist hins vegar að tryggja 3% vöxt efnahagslífsins tekur tæp 25 ár að tvöfalda verðmætin og aðeins 18 ár ef hagvöxtur er að meðaltali 4%. Lífskjör almennings batna í takt við verðmætin.

Efnahagur og skattar

Íslenskir vinstri menn hafa alla tíð átt erfitt með að skilja varnaðarorð

sem John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, setti fram á fundi félags hagfræðinga í New York 1962:

„Efnahagskerfi sem er þrugað af háum sköttum mun aldrei skila nægilegum tekjum til að jafnvægi náist í ríkisfjármálum, alveg eins og það mun aldrei búa til nægilegan hagvöxt eða nægilega mörg störf.“

Í nafni „félagslegs réttlætis“ eru vinstrimenn sannfærðir um ágæti þess að skattar séu háir og skattkerfið flókið. Skattar á fyrirtæki eiga að vera háir og einfalt tekjuskattskerfi einstaklinga er af hinu illa. Margflókið og margþrepa skattkerfi, þar sem refsing ríkisins er því þyngri eftir því sem tekjur viðkomandi eru meiri, er draumurinn. Á síðasta kjörtímabili leyfðu margir vinstrimenn sér dreyma um ofurskatta á einstaklinga. Þeir voru óhræddir við að boða allt að 80% skatt á tekjur.

Trúir hugsjónum sínum eru félagshyggjumenn áhyggjulausir þótt hvati einstaklings til að afla meiri tekna, að skapa eitthvað nýtt, verði drepinn örugglega. „Félagslegt réttlæti“ byggist fremur á því að jafna tekjur niður á við en að skapa þeim sem lægri hafa launin tækifæri til að afla sér aukinna tekna og bæta lífskjörin.

Ég þakka fyrir

Í umróti stjórnmalanna – sumir segja upplausn – hefur krafan um samræðustjórnmal orðið háværi. Því er haldið fram að stjórnmalamenn eigi að leggja hugsjónir sínar til hliðar en setjast niður, ræða saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Samkeppni hugmynda er sögð af hinu illa. „Við skulum eiga samtal“ er kjörorð þeirra sem vita ekki hvað þeir vilja, fyrir hvað þeir standa eða forðast hugmyndafræðilega baráttu.

Ég þakka fyrir það á hverjum degi að á árum áður hafi harðir baráttumenn frelsis aldrei tekið þátt í samræðustjórnmalum nútímans. Þá hefði þeim seint tekist að búa til eitt mesta velferðarsamfélag heimsins með öllum sínum litbrigðum og fjölbreytileika.

9. mars 2016

Klisjur, frasar og umbúða- stjórnsmál „umbótaafllanna“

Fulltrúar vinstri flokkanna sem mynda meirihluta borgarstjórnar boðuðu til málfundar síðastliðinn laugardag í lðnó að frumkvæði Magnúsar Orra Schram, sem sækist eftir að verða formaður Samfylkingarinnar. Ræddir voru möguleikar til „samvinnu umbótaafllanna á næsta kjörtímabili,“ eins og sagði í fundarboði.

Reykvíkingar hafa kynnst „umbótaöflunum“ síðustu árin; gatna-kerfið er í molum, fjárhagur borgarsjóðs ósjálfbær enda eytt um efni fram, skorið er niður hjá leik- og grunnskólum en ráðist í fjárfrek gæluverkefni, stjórnkerfið þanið út, þjónusta við eldri borgara skert, götur eru skítugar og borgin sóðaleg.

„Umbótaöflin“ í Reykjavík vilja víkka út samvinnuna og láta hana ná til landsins alls að loknum þingkosningum. Ríkisstjórn vinstri flokkanna er í undirbúningi, pökkuð inn í umbúðir hljómfagurra orða. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum eru líkur á að Reykjavíkur-módel Samfylkingar, Vinstri grænna, Pírata og Bjartrar framtíðar verði flutt inn í stjórnarráðið innan nokkurra missera.

Ný gerð af pólitík?

Í viðtali við mbl.is eftir fundinn í lðnó var Magnús Orri bjartsýnn. Fundarmenn sagðir sammála um að mikil tækifæri væru í núverandi stöðu stjórnsmálanna á Íslandi:

„Það eru öfl sem vilja nýja gerð af pólitík og nýjar áherslur í stjórn landsmála. Það er mikill áhugi á að reka nýja gerð af pólitík, segja skilið við þessa gömlu pólitík og reka framtíðarpólitík.“

Það er merkilegt hve sumir stjórnsmálsmenn eru gjarnir á að forðast málefni og að brjóta þau til mergjar eða takast á með rökræðum við þá sem eru annarrar skoðunar. Þeim fellur betur að nota klisjur og innantóma frasa; ný gerð af pólitík, framtíðarpólitík, samræðupólitík, heiðarlegri stjórnsmál, lýðræðislegur farvegur og öðruvísi pólitík.

Orðskruð veitir litla innsýn í hugsjónir eða fyrir hvað viðkomandi stjórnsmálamaður eða -flokkur stendur. Aðeins sagan og reynslan gefur kjósendum möguleika á því að meta hvers megi vænta þegar og ef ríkisstjórn „umbótaafllanna“ tekur við völdum.

Í Reykjavík er alvarleg staða borgarsjóðs lítið áhyggju efni þeirra

sem boða „nýja pólitík“. „Tekjur hafa hækkað hægar en gjöldin,“ sagði Dagur B. Eggertsson borgarstjóri um stöðu borgarsjóðs í viðtali við DV um miðjan október. Með svipuðu hugarfari verður tekist á við ríkisfjármálin. Vandinn verður alltaf skilgreindur þannig að nauðsynlegt sé að auka tekjur, þ.e. hækka skatta og álögur. Þetta vita borgarbúar og þetta upplifðu landsmenn í tíð síðustu ríkisstjórnar „umbótaflanna“, sem hækkaði skatta jafnt á almennt launafólk sem á fyrirtæki. Á sama tíma var þjónusta skorin niður. Það eina sem kann að bjarga málunum tímabundið er traust og góð staða ríkissjóðs, en reynslan úr höfuðborginni sýnir að hægt er að klúðra góðri stöðu á stuttum tíma.

Kjánaskapur

Sú spurning er áleitin hvort „framtíðarpólitíkin“ felist í því að forðast fjölmiðla þegar leiðindamál koma upp. Borgarstjóri fór í felur þegar fjölmiðlar vildu upplýsingar um hvað ætti að gera til að lagfæra götur borgarinnar. Embættismaður var látinn svara. En að lokum náðu fjölmiðlar í borgarstjóra sem sagðist hafa sett sig í samband við „vegamálastjóra og bæjarstjórana á höfuðborgarsvæðinu“ og menn hefðu „miklar áhyggjur af stöðu gatnakerfisins“. Nokkrum vikum síðar hafði borgarstjórinn samband við fjölmiðla og lét þá vita að hann yrði á dekkjaverkstæði. Fjölmiðlar mættu, tóku myndir og hugguleg viðtöl við borgarstjórnann í vinnugalla með loftpressulykil að vopni.

Eiður Svanberg Guðnason, fyrrverandi ráðherra og samherji Dags B. Eggertssonar, gefur lítið fyrir þennan kjánaskap og skrifar á blogg síðu sína:

„Borgarstjóri lét sem hann væri starfsmaður á dekkjaverkstæði og fór að umfelga. Það er varla verk fyrir viðvaninga. Svo mæta embættismennirnir í sjónvarpsfréttirnar, þegar verja þarf holótt og hættulegt gatnakerfi höfuðborgarinnar.“

Kaldhæðnislegt grín

Hin „nýja gerð“ af pólitík hefur birst í sölum Alþingis. Þar vinna þingmenn „umbótaflanna“ sér inn prik með gífuryrðum og með því að fella dóma yfir andstæðingum, kalla þáverandi forsætisráðherra „frægasta fjárglæframann heimsbygðarinnar“ og saka 38 þingmenn stjórnarmeirihlutans um „valdarán“. Framtíðarpólitíkin hefur endaskipti á hlutunum og þingræðisreglan er hundsud þegar það hentar.

Í þættinum Eyjan á Stöð 2 síðastliðinn sunnudag lýsti Magnús Orri áður nefndum fundi:

„Maður fann að fullt fullt af fólki úr ólíkum áttum, ekki alltaf sammála, en það var sammála um einhver grunngildi, einhverja nálgun og það var líka sammála um það að ef við erum ósammála þá förum við með deiluefnið í lýðræðislegan farveg, eins og til dæmis ESB-málið.“

Líklega var þetta kaldhæðnislegt grín hjá formannsefninu. Magnús Orri greiddi atkvæði gegn því að aðildarumsókn að Evrópusambandinu vinstri stjórnarinnar yrði sett í „lýðræðislegan farveg“ í júlí 2009. Þannig var almenningur aldrei spurður áhlits um hvort rétt væri að óska eftir aðild. Hið sama gerðist nokkrum mánuðum síðar. Þá tók Magnús Orri þátt í því að fella tillögu Péturs heitins Blöndal um þjóðaratkvæðagreiðslu um ríkisábyrgð á Icesave-skuldum Landsbankans.

Forseti Íslands – Ólafur Ragnar Grímsson – greip inn í atburðarásina og tryggði þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave í mars 2010. Líðlega 98% kjósenda höfnuðu fyrirætlun um ríkisábyrgð – aðeins 1,9% kjósenda studdu ríkisstjórn sem kenndi sig við norræna velferð. Í desember 2011 endurtók sagan sig. Um 60% höfnuðu nýjum Icesave-samningum. „Umbótaöflin“ í samsteypustjórn Samfylkingar og Vinstri grænna töldu ekki ástæðu til að segja af sér og boða til kosninga, ekki frekar en þegar stjórnin missti þingmeirihluta. Þannig hefur „opnari pólitík“ og „meiri auðmýkt“, sem Magnús Orri talar fyrir, birst kjósendum á síðustu árum.

Lítt sannfærandi

Barátta Magnúsar Orra og samherja fyrir „heiðarlegri“ stjórnámálum er lítt sannfærandi í ljósi sögunnar. Magnús Orri sat í meirihluta þingmannanefndar sem vildi draga fjóra ráðherra fyrir Landsdóm, en hann vildi þó undanskilja ráðherra bankamála. Eftir hannaða atkvæðagreiðslu var niðurstaðan sú að Geir H. Haarde stóð einn frammi fyrir Landsdómi.

Síðar reyndi formannsframbjóðandinn að réttlæta ákærana á hendur fyrrverandi forsætisráðherra og skrifaði í Fréttablaðið 14. maí 2011:

„Með því er ekki sagt fyrir um sekt eða sakleysi, enda er það landsdóms að komast að efnislegri niðurstöðu og ber ég fullt traust til þess að þar njóti Geir sanngjarnrar og réttlátrar málsmeðferðar og að málinu ljúki með efnislega réttri niðurstöðu.“

Í Kastljósi Ríkissjónvarpsins 16. desember sama ár gekk Magnús Orri lengra og spurði hvort ekki væri farsælast fyrir Geir H. Haarde, væri hann saklaus, „að fá stimpil á það frá Landsdómi um að svo sé“.

Þannig er „heiðarlegri“ pólitík fólgin í því að hafa endaskipti á

hlutunum og ganga gegn meginreglu réttarríkisins um að enginn sæti ákæru, nema því aðeins að meiri líkur en minni séu taldar á sakfellingu. Dómstólar eru ekki tilraunastofur eða afgreiðslustofnanir sem gefa „stimpla“.

Fundurinn í Iðnó síðasta laugardag kann að reynast fyrsta skrefið í samvinnu og jafnvel kosningabandalagi fjögurra stjórnarandstöðuflokka á Alþingi sem mynda einnig meirihluta í borgarstjórn. Þannig skýrast línurnar í íslenskum stjórnámálum, þótt kjósendur séu lítt fróðari um stefnu „umbótaafllanna“ sem hafa tileinkað sér frasa og fagurgala; umbúðastjórnsmál án innihalds.

20. apríl 2016

Líf og dauði stjórnsmálaflokks

Vinstri menn, sem margir kenna sig við jafnaðarmannsku á hátíðarstundum, hafa átt sér stóran draum:

Að til verði stór, sameinaður vinstri flokkur undir merkjum jafnaðarmanna – sósíaldemókrata – turn í íslenskum stjórnámálum sem standi sterkar og hærra en Sjálfstæðisflokkurinn. Í draumalandi vinstri manna eru borgaraleg öfl veikburða og vanmáttug.

Þótt draumurinn um sameiningu vinstri manna hafi ekki ræst eins og til stóð með stofnun Samfylkingarinnar ríkti bjartsýni í herbúðum jafnaðarmanna í aðdraganda kosninga 1999. Nokkrum vikum fyrir kosningar mældist flokkurinn með 36% fylgi. Tvennt skyggði þó á gleðina; sterk staða Sjálfstæðisflokksins og framboð þeirra allaballa Alþýðubandalagsins, sem ekki vildu ganga til liðs við Samfylkinguna. Úrslit kosninganna urðu nokkur vonbrigði. Samfylkingin fékk tæp 27% atkvæða og Vinstrihreyfingin – grænt framboð 9,1%. Samanlagt fylgi flokkanna var töluverk minna en fjórum árum áður þegar vinstri flokkarnir voru fjórir.

Þeirra tími rann upp

Árið 2003 rofaði hins vegar til og Össuri Skarphéðinssyni tókst að koma fylgi flokksins yfir 30% og einu prósentu betur. Samfylkingin varð litlu minni en Sjálfstæðisflokkurinn. Draumurinn um að verða turn íslenskra stjórnamála var innan seilingar. Innanmeið komu í veg fyrir

sókn í kosningunum 2007 en þrátt fyrir nokkurt fylgistap myndaði Samfylkingin ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum.

Eftir hrun bankanna sannfærðust samfylkingar og aðrir vinstri menn um að loks væri þeirra tími runninn upp og Sjálfstæðisflokkurinn yrði útlægur næstu ár og jafnvel áratugi. Minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar tók við völdum 1. febrúar 2009, með stuðningi Framsóknarflokksins. Undir lok apríl sama ár var gengið til kosninga og ríkisstjórnarflokkarnir fengu meirihluta atkvæða – samtals 51,5%.

Ár hinna glötuðu tækifæra, baktjaldamakks og bræðravíga verða ekki rakin hér en dómur Árna Páls Árnasonar, fráfarandi formanns Samfylkingarinnar, yfir ríkisstjórn Jóhönnu og Steingríms, er óvæginn. Í bréfi til flokksmanna í febrúar síðastliðnum skrifaði Árni Páll:

„Icesave. Við studdum samning um Icesave sem varði ekki ýtrustu hagsmuni þjóðarinnar og mæltum gegn þjóðratkvæðagreiðslu um hann. Aðildarumsóknin. Við byggðum aðildarumsókn að ESB á flóknu baktjaldasamkomulagi, sem aldrei hélt, í stað þess að fá skýrt umboð frá þjóðinni til að fara í aðildarviðræður...“

Djúp sár og óheilindi

Árni Páll er sannfærður um að vinstri stjórnin hafi klúðrað breytingum á stjórnarskránni. Innan Samfylkingarinnar hafi orðið til djúp sár þegar þingmanni var fórnað og að framgangan í Landsdómsmálinu hafi gert það einnig.

Sá sem les bréf fráfarandi formanns getur vart komist að annarri niðurstöðu en að undirmál og óheilindi marki starf innan flokksins. Sjálfur fékk hann að reyna slíkt þegar andstæðingar hans nýttu glufur í lögum flokksins og sóttu að honum á síðasta landsfundi.

Nú er svo komið að flokkurinn sem átti að verða turn er að hrúki kominn. Og það byrjaði að molna undan þegar Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra og nokkru síðar formaður. Skoðanakannanir benda til að nú styðji aðeins 8-9% kjósenda Samfylkinguna. Þetta þýðir að liðlega sjö af hverjum tíu kjósendum flokksins vorið 2009 hafa yfirgefið hann. Hnignun Samfylkingarinnar hefur verið stöðug allt frá valdatöku Jóhönnu, ef undan er skilið stutt tímabil eftir að Árni Páll varð formaður og þangað til gerð var tilraun til hallarbyltingar.

Hvar eru hægri-kratar?

Í október 2012 benti Kolbrún Bergþórsdóttir á að Samfylkingin hefði

„unnið ötullega að því síðustu misserin að flæma fólk frá fylgi við flokkinn“. Í pistli í Morgunblaðinu sagði Kolbrún meðal annars:

„Sem formaður Samfylkingar hefur Jóhanna ótrauð fært flokk sinn til vinstri og gert hann ómögulegan valkost fyrir þá sem fylgja miðjustefnu eða eru hægri kratar... Hófsamt og framfarasinnað fólk getur ekki kosið flokk sem virðist vera í stanslausri eftirhermukeppni við Vinstri græna og á í stöðugu karpi við atvinnurekendur og forsvarsmenn atvinnulífsins... Vinstri grænir geta leyft sér að tala af ofsa gegn borgaralegum flokki sem talar fyrir frelsi einstaklings og frjálsri samkeppni. Nútímalegir jafnaðarmenn geta ekki leyft sér það.“

Kolbrún, sem hefur alla tíð skrifað og talað fyrir hugsjónum hefðbundinna krata Alþýðuflokksins, var á því að Samfylkingin ætti „lítið sameiginlegt með nútímalegum jafnaðarmönnum“. Nokkrum vikum áður hafði Kolbrún velt því fyrir sér hvar hægri-kratar væru niðurkomnir:

„Þeir eru allavega ekki í Samfylkingunni því þangað eru þeir ekki velkomnir,“ var eina svarið sem Kolbrún gat komið með þótt hún útilokaði ekki að í þingflokki Samfylkingarinnar væri hægri-krati í felum: „Kannski væri ráð að þessi einstaklingur yrði háværi svo hægrikratarnir sem flúðu Samfylkinguna gætu bent á hann og sagt: „Já sko, það er einn réttlátur meðal þeirra!““

Eftir að Kristján Möller ákvað að hætta þingmennsku minnka líkurnar á að Kolbúnu verði að ósk sinni. Endurreisn Alþýðuflokksins Árni Páll hefur ákveðið að sækjast ekki eftir endurkjöri sem formaður og fáum getur dulist að hann fer særður frá formannsborðinu. Gylfi Arnbjörns-son, forseti ASÍ, segir í fésbókarfærslu að ákvörðun Árna Páls sé skiljanleg – hann hafi fengið „í arf stórpólitísk mistök forvera síns“:

„Árni Páll sýndi einnig kjark sinn þegar hann sendi flokksmönnum sínum bréf hvar hann reyndi að hreinsa ógróin sár og búa um þau þannig að þau gætu gróið. Hvorki þingflokkur né flokksstjórn gerði nokkuð með þetta og því eru sárin á sínum stað. Fylgi flokksins er jafn illa statt sem fyrr.“

Einn þeirra sem sækjast eftir formennsku í Samfylkingunni telur best að leggja flokkinn niður – skipta um nafn og kennitölu. Vöruheitið sé ónýtt. Núverandi varaformaður hefur tekið undir, líkt og fyrrverandi varaformaður. Til að sameina vinstri menn er talið best að leggja

flokkinn niður sem stofnaður var til að binda þá saman. Nú er svo komið að jafnvel jafnaðarmennska er ekki talin nægjanlega fín og því var boðað til fundar um samvinnu og kosningabandalag „umbótaflanna“. Reykvíkingar hafa miður góða reynslu af slíkri samvinnu.

Það er ekki sérstakt fagnaðarefni fyrir hægri menn að verða vitni að þeirri upplausn og sundrunu sem orðin er meðal þeirra sem hafa kennt sig við jafnaðarmennsku – skilgreina sig sem krata. Stóri draumurinn um sterkan jafnaðarmannaflokk er líkur martröð þar sem eftir stendur lítill vinstri flokkur sem sækir fyrirmynd sína til Vinstri grænna.

Fyrr á þessu ári var því fagnað að öld er liðin frá því að Alþýðuflokkurinn var stofnaður. Gamli flokkurinn er enn til með sömu kennitölu og áður (420169-5829). Varla er hægt að færa krötum sem nú eru landlausir, betri afmælisgjöf en að bjóða fram að nýju í komandi alþingiskosningum. Fylgi Alþýðuflokksins verður varla lakara en Samfylkingarinnar, líklega töluvert meira. Fyrir aðra flokka er endurreistur Alþýðuflokkur ólíkt geðslegri til samstarfs en sundurtætt Samfylkingin þjokuð af undirmálum og innanflokksvígum.

18. maí 2016

Pólitískar áskoranir í góðæri

Fyrirfram mátti reikna með því að línurnar fyrir alþingiskosningar, sem hafa verið boðaðar í haust, færu að skýrast eftir stofnfund, aðalfund og landsfund þriggja stjórn málaflókka. Svo er ekki nema að litlu leyti – og þó.

Samfylkingin hélt landsfund í byrjun mánaðarins í skugga upplausnar, innanmeina og minna fylgis en nokkru sinni. Oddný Harðardóttir var kjörin formaður þrátt fyrir að minnihluti þeirra flokksmanna sem tók þátt í kosningum, teldi hana besta kostinn af þeim sem í boði voru.

Eina málið út af borðinu

Um leið og skipt var um formann ákvað landsfundurinn að henda málinu eina – aðild Íslands að Evrópusambandinu – út af borðinu. Í ályktun fundarins er ekki minnst einu orði á Evrópusambandið – ekki einu orði. Nýr formaður forðaðist, líkt og heitan eldinn, að ræða Evrópusambandið í stefnuræðu sinni. En þótt Evrópusambandið sé orðið feimnismál eru samfylkingar byrjaðir kinnroðalausir að gefa

út kosningavíxla. Öllum er lofað einhverju; börnum, námsmönnum, eldri borgurum, öryrkjum, launafólki, náttúruverndarsinum og listamönnum.

„Við í Samfylkingunni erum talsmenn alvöru lýðræðis,“ sagði nýkjörinn formaður í stefnuræðunni. Einhverjir gætu haldið því fram að yfirlýsingin sé merki um pólitíska kokhreysti í ljósi sögunnar. Formaðurinn kom, ásamt félögum sínum, í veg fyrir að „alvöru lýðræði“ næði fram að ganga sumarið 2009, þegar tillaga um þjóðar- atkvæðagreiðslu um aðildarumsókn að Evrópusambandinu var felld. Reynt var að endurtaka leikinn í Icesave-deilunni. Þá vildu samfylkingar ekki „alvöru lýðræði“.

Nýjar umbúðir Evrópusinna

Evrópusinnarnir í Viðreisn eru ekki búnir að sópa ESB-aðild undir teppið með öllu. En á stofnfundi flokksins í liðnum mánuði pökkuðu þeir stefnunni inn í huggulegri umbúðir. Nú vilja þeir sem harðast hafa barist með Samfylkingunni fyrir því að „ganga inn í brennandi hús“ Evrópusambandsins að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi aðildarviðræðum áfram! Enginn þeirra tók undir kröfuna um að spyrja þjóðina 2009 um hvort óska ætti eftir aðild eða ekki. Og áfram er haldið og reynt að villa um fyrir landsmönnum með því að gefa í skyn að í boði sé sérstakur aðildarsamningur – sérsniðinn fyrir Ísland.

Fyrir borgarasinnað fólk er stefna Viðreisnar í mörgu öðru geðsleg – hugguleg væri ef til vill nær að segja. Engu er líkara en að hugmynda- fræðingar flokksins hafi ákveðið að safna saman og setja niður á blað flest það sem gæti hljómað vel í eyrum kjósenda sem aðhyllast borgaralegt samfélag. Þess vegna er búið að pakka Evrópusamband- inu inn í umbúðir og auðvitað eru margir þeirra sem valist hafa til forystu fyrir hinum nýja flokki búnir að gleyma þegar þeir gerðust liðs- menn „norrænu velferðarstjórnarinnar“ og börðust fyrir samþykkt Icesave-samninganna allt frá fyrsta degi.

Tökin hert

Píratar héldu aðalfund um liðna helgi. Þar virðist lítið annað hafa gerst en að kosið var nýtt framkvæmdaráð og boðað til framhaldsaðal- fundar. Kjósendur eru litlu nær fyrir hvað flokkurinn, sem nú mælist stærri en aðrir flokkar í skoðanakönnunum, stendur.

Eitt er að minnsta kosti ljóst:

Flokkseigendafélagið undir stjórn Birgittu Jónsdóttur, er að herða tökin og Helgi Hrafn Gunnarsson á í vök að verjast. Sannfærðir vinstri-

sinnar og sósíalistar eru byrjaðir að hreinsa til og hrekja í burtu þá sem töldu að innan Pírata væri rúm fyrir hugsjónir frelsis.

Það er á margan hátt skiljanlegt að Samfylkingin sé búin að setja málið eina niður í skúffu, að Viðreisn reyni að pakka Evrópuþraumnum í huggulegri og seljanlegri umbúðir og að Píratar hafi lítinn áhuga á að leggja fram heildstæða stefnu í helstu málum. Fyrir þjóð sem nýtur meiri hagsældar en þekkest í flestum vestrænum löndum er ekki eftirsóknarvert að ganga til liðs við ríkjasamband sem jafnvel hörðustu Evrópusinnar líkja við brennandi hús. Og hvers vegna ættu Píratar að setja fram skýra stefnu, þegar annað hefur gefist jafn vel og raun ber vitni?

Kaupmáttur aldrei hærri

Íslendingar hafa notið þess á síðustu árum að standa utan við Evrópu-sambandið og að komið var í veg fyrir að skuldir einkabanka væru þjóðnýttar, eins og ítrekað var reynt. Neyðarlögin, sem undirbúin voru í Seðlabankanum haustið 2008, tryggðu að Ísland hélt fjárhagslegu sjálfstæði ólíkt Grikkjum sem nú eru ofurseldir erlendum kröfuhöfum. Þó var skipulega reynt að fara á svig við neyðarlögin í tíð ríkisstjórnar norænnar velferðar.

Á síðasta ári voru regluleg laun hér á landi 7,2% hærri en 2014. Kaupmáttur jókst um 5,5% á milli ára. Samkvæmt mati hagfræðideildar Landsbankans má búast við að kaupmáttur aukist um 8,1% á þessu ári. »Kaupmáttur launa er nú hærri en hann hefur verið nokkurn tíma áður,« sagði í Hagsjá hagfræðideildarinnar 8. júní. Þrátt fyrir aukinn kaupmátt hefur verðbólga haldist lág.

Á aðeins sex árum hafa skuldir heimilanna lækkað um sem nemur 41% af landsframleiðslu, annars vegar vegna hagvaxtar og hins vegar lækkunar nafnvirðis skulda. Sem hlutfall af landsframleiðslu eru skuldir heimilanna svipaðar og 1999, samkvæmt Hagsjánni. Hækkun eignaverðs og lægri skuldir hafa leitt til þess að auður heimilanna hefur aukist verulega. Á síðustu tveimur árum auðurinn aukist um meira en 10% á ári.

Allar hagspár benda til þess að framtíðin sé björt hér á landi. Hagvöxtur verður góður og kaupmáttur getur haldið áfram að vaxta. Lífskjör geta því haldið áfram að batna. Möguleikar til að bæta hag þeirra sem lakast standa verða betri. Allt er þó undir því komið að rétt sé haldið á spilunum, sem flest hver eru góð.

Erfið staða stjórnarflokkanna

Staða Íslands er í flestu öfundsverð og við slíkar aðstæður ætti staða

ríkisstjórnarflokkanna að vera sterk. Þeir ættu í aðdraganda kosninga að vera líkt og óvinnandi vígi. Skoðanakannanir benda til annars.

Framsóknarflokkurinn hefur misst meira en helming kjósenda sinna og samkvæmt nýjustu könnun Félagsvísindastofnunar HÍ fyrir Morgunblaðið er fylgi Sjálfstæðisflokksins á niðurleið. Á einum mánuði hefur Sjálfstæðisflokkurinn misst 5,5%-stig og er með aðeins 22,7%, sem er minna en í kosningunum 2009 sem eru þær verstu í sögu flokksins.

Ríkisstjórnarflokkarnir, hvor með sínum hætti, standa því frammi fyrir miklum áskorunum. Uppgangur í efnahagslífinu og betri lífskjör eru ekki vatn á myllu þeirra. Þegar 3-4 mánuðir eru til kosninga standa þeir báðir verr að vígi en í upphafi kjörtímabilsins og einnig ef miðað er við kosningararnar 2009. Skýringarnar eru margar og efniviður í sérstaka blaðagrein.

Mikið vatn rennur til sjávar áður en kjördagur rennur upp. Flokkarnir eiga eftir að skipa framboðslista, móta helstu stefnumál og eiga samtal við kjósendur. Staðan getur því breyst og það þrátt fyrir að flestir fjölmiðlar landsins – ríkisreknir sem aðrir – leggist á sveif með gömlum og nýjum Evrópusinnuðum Icesave-flokkum og sjóræningjum undir hentifána.

15. júní 2016

Stjórnarandstaða í vondu skapi

Þingmenn stjórnarandstöðunnar voru fremur þungir í lund í upphafi vikunnar þegar þeir snéru aftur til starfa á Alþingi eftir sumarleyfi. Í umræðum um skýrslu forsætisráðherra um stöðu þjóðmála gætti lítillar bjartsýni í málflutningi forystu stjórnarandstöðunnar þrátt fyrir að hafa fengið sína heitustu ósk uppfyllta; dagsetningu kosninga (að öðru óbreyttu). Sjálfsagt jók það ekki gleði stjórnarandstöðunnar að stuttu áður en þing kom saman kynnti ríkisstjórnin tillögur sem skjóta nýjum og styrkari stoðum undir séreignarstefnuna og auka valfrelsi í húsnæðismálum.

Stjórnarandstöðunni virðist fyrirmunað að sjá eða skynja birtuna sem er yfir íslensku efnahagslífi. Hún neitar að trúna því að framtíðin geti verið björt ef rétt er haldið á málum, en ekki horfið aftur til fortíðar vinstri stefnunnar og stjórnarháttanna „you-ain't-seen-nothing-yet“.

Töfralausn enn boðuð

Hagvöxtur var 4,2% á fyrsta ársfjórðungi og horfurnar eru góðar. Á sama tíma var vöxtur efnahagslífsins aðeins 0,6% á evrusvæðinu og fór

niður í 0,3% á öðrum ársfjórðungi. Í Frakklandi var enginn hagvöxtur. Þrátt fyrir þetta leggur formaður Samfylkingarinnar áherslu á að Ísland taki upp evru. Enn og aftur boða samfylkingar upptöku evru sem lausn á öllum vandamálum okkar Íslendinga – búið er að dusta rykið af töfralausninni. Í við- tali við Eyjuna síðastliðinn mánudag hélt Oddný Harðardóttir því fram að það sé „auðvitað augljóst“ að evra sé „lausnin“:

„En hún [lausnin] er ekki í sjónmáli og þá verðum við að bera kostnaðinn. Það er bara staðreynd. Það er það sem ríkisstjórnin er að leggja til.“

Í umræðum um skýrslu forsætisráðherra hélt formaður Samfylkingarinnar því fram að óánægja væri með ríkisstjórnina á fleiri en einu sviði. „Heilbrigðiskerfið líður fjáskort og það gerir menntakerfið líka,“ sagði Oddný Harðardóttir sem var um nokkurt skeið fjármálaráðherra vinstri stjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna. Auðvitað gat hún þess ekki að á þessu ári verða útgjöld til heilbrigðismála rúmlega 38 milljörðum króna hærrí en gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum vinstri stjórnarinnar árið 2013.

Holuvíðgerðir

Endurreisn heilbrigðiskerfisins er því hafin en hvergi nærri lokið. Útgjöld til menntamála hafa hækkað og verið er að byggja almannatryggingakerfið upp að nýju. Fjárlög yfirstandandi árs gera ráð fyrir að yfir 98 milljarðar renni til almannatrygginga. Þrátt fyrir að þetta sé liðlega 24 milljörðum hærrí fjárhæð en Oddný Harðardóttir og samherjar hennar í vinstri stjórninni vildu árið 2013, má öllum vera ljóst að styrkja þarf stöðu eldri borgara og öryrkja enn frekar. Tækifærin eru til staðar.

Kári Stefánsson felldi harðan dóm yfir velferðarstefnu vinstri stjórnarinnar í grein í Fréttablaðinu 9. ágúst:

„Þegar í harðbakkann sló holaði hún velferðarkerfið að innan, lét utanríkisþjónustuna í friði, reisti Hörpu (að vísu vildi Katrín Jakobsdóttir láta mála vinstri hliðina á henni græna en það gleymdist) og byrjaði að bora gat í gegnum Vaðlaheiðina. Þetta var fyrsta hreinræktaða félagshyggjuríkisstjórnin í sögu lýðveldisins!“

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokksins hefur fyllt þessar holur og boðar uppbyggingu til framtíðar.

Enginn fögnuður

Það er umhugsunarvert af hverju stjórnarandstöðunni virðist fyrir- munað að gleðjast yfir bættri stöðu launafólks. Í stað þess að ræða og leggja fram hugmyndir um hvernig góð staða verði best nýtt til að bæta lífskjör enn frekar er stjórnarandstaðan föst í umræðum um afsögn fyrrverandi forsætisráðherra.

Engu er líkara en að það fari illa með geðslag forystumanna vinstri flokkanna að launavísitalan hafi hækkað um um 12,5% frá miðju síðasta ári til sama tíma í ár og að verðbólgan sé aðeins 1,1% síðustu 12 mánuði. Þeir finna litla gleði í þeirri staðreynd að í 30 mánuði hefur verðbólga verið undir markmiðum Seðlabanka Íslands. Mikil aukning kaupmáttar launa í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðis- flokksins, vekur litla kæti. Kaupmáttur launa hefur aldrei verið hærri. Og ekki er sýnd ánægja með að atvinnuleysi í júní síðastliðnum er það minnsta í þeim mánuði frá 2008.

Á síðasta ári lækkuðu skuldir einstaklinga vegna íbúðakaupa um nær 60 milljarða króna. Í samantekt Páls Kolbeins, rekstrarhagfræðings hjá Ríkisskattstjóra, kemur fram að skuldir sem hlutfall af tekjum hafa lækkað mikið á undanförunum árum, þótt enn sé það of hátt. Árið 2010 voru skuldir einstaklinga nær tvöfalt hærri en tekjur en í lok síðasta árs var hlutfallið komið niður í 32,5%. Ástæða lækkunarinnar er tvíþætt; hærri tekjur og lægri skuldir. Engu er líkara en að vinstri menn séu vonsviknir með þessa jákvæðu þróun; eignastaða íslenskra heimila er að styrkjast verulega.

Skattahækkun í þunglyndi

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra benti á athyglisverða staðreynd í umræðunum síðasta mánudag:

„Á þessu ári stefnir í að afgangur á ríkisfjármálunum verði meiri en allur uppsafnaður halli vinstri stjórnarinnar á árunum 2009 til 2013.“

Í þrjú ár í röð hafa fjárlög verið afgreidd með afgangi. Ríkissjóður greiddi á síðasta ári 150 milljarða fyrir fram af innlendum og erlendum skuldum. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað gríðarlega og verða komnar niður fyrir 50% af vergri landsframleiðslu á þessu ári. Gjörbreytt staða ríkissjóðs – jöfnuður í rekstri og mikil lækkun skulda – gefur aukin færi til að byggja upp velferðarkerfið samhliða því að lækka skatta enn frekar og stokka upp í ríkisrekstrinum.

Frammi fyrir þessum staðreyndum hefur pólitískur dapurleiki náð tökum á vinstri mönnum. Í þunglyndi sínu boða þeir hækkun skatta, þar sem enn einu sinni verður barið á millistéttinni. Draumurinn um að innleiða að nýju auðlegðarskatt lifir – ætlunin er að kreista fjármuni út úr sjálfstæðum atvinnurekendum og eldri borgurum. Hækkun skatta er sögð í nafni „félagslegs réttlætis“. Og komist vinstri flokkarnir til valda að loknum kosningum eru líkur á því að ungt fólk verði að sætta sig við „félagsleg úrræði“ í húsnæðismálum í stað þess að eiga valfrelsi og raunhæfan kost á að eignast eigin íbúð. Hægt og bitandi verður krafturinn dreginn úr atvinnulífínu í anda „norrænnar velferðarstjórnar“. Möguleikar til að ráðast í umfangsmiklar og nauðsynlegar innviðafjárfestingar, ekki síst í heilbrigðis- og samgöngukerfinu, verða takmarkaðir. Þá verður gripið til þess ráðs að veðsetja framtíðina, gefa út víxla á komandi kynslóðir.

Í Reykjavík hafa vinstri flokkarnir – Samfylking, Vinstri grænir, Píratar og Björt framtíð – sýnt hversu auðvelt það er að setja fjárhag hins opinbera á hliðina. Leikinn á að endurtaka á landsvísu að loknum alþingiskosningum.

17. ágúst 2016

Værukærir hægrimenn og vopnfimir vinstrimenn

Ég get ekki að því gert, en stundum dáist ég að vinstrimönnum. Ekki fyrir hugsjónir þeirra heldur málflutning, sem er oft leiftrandi, beittur og ósvífinn. Í baráttu fyrir málstaðnum þvælast aukaatriði ekki alltaf fyrir, staðreyndir eru lagðar til hliðar og fyrri orð og gjörðir löngu gleymd.

Einlæg sannfæring um málstaðinn gefur mörgum vinstrimanninum kjark til að ganga ítrekað gegn vilja meirihluta kjósenda, þegar og ef nauðsyn krefur. Þessu hafa landsmenn kynnst í flugvallarmálinu. Skipulega er unnið að því að loka Reykjavíkurflugvelli, þvert á vilja meirihluta landsmanna og höfuðborgarbúa. Í tvígang var gerð tilraun til að koma Icesave-byrðum á landsmenn án nokkurs samráðs. Tvær þjóðaratkvæðagreiðslur, þar sem yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar hafnaði því að greiða skuldir einkaaðila, dugðu ekki til. Þess í stað var gert lítið úr fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu frá stofnun lýðveldisins – hún sögð dapurleg markleysa.

Vinstrimenn hafa margir verið duglegir að klæðast búningum umburðarlyndis og frjálslyndis. En umburðarlyndið er oftast en ekki einskorðað við þá sem eru sömu skoðunar, enda varla hægt að sýna „röngum skoðunum“ skilning eða þolinmæði. Í nafni frjálslyndis og beins lýðræðis ræður meirihluti þjóðar en þó því aðeins ef niðurstaðan er „rétt“. Röng ákvörðun meirihlutans gefur hinum réttisýnu og frjálslyndu rétt til að vinna gegn henni og virða að vettugi.

Hástemmdar yfirlýsingar

„Það dettur engum í hug að við göngum í Evrópusambandið nema þjóðin sjálf taki ákvarðanir í því máli jafnvel bæði hvort við eigum að fara í slíkar viðræður og þá að niðurstaðan verði lögð í dóm þjóðarinnar,“ sagði þáverandi formaður Vinstri grænna á þingi 2003. Í júlí 2009 tók Steingrímur J. Sigfússon þátt í því að koma í veg fyrir að „þjóðin sjálf“ tæki ákvörðun um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Þá var hann fjármálaráðherra ríkisstjórnar „norrænnar velferðar“.

Hástemmdar yfirlýsingar um beint lýðræði gleymast ef það hentar og þær settar ofan í skúffu.

Í stefnuyfirlýsingu eftir kosningar 2009 gaf ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna fyrirheit um að „beita sér fyrir opinni stjórnarsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum“. Það þurfti því ekki aðeins pólitískan kjark, heldur töluverða forherðingu, til að ganga til samninga við kröfuhafa og afhenda þeim tvo banka. Þá var vélað í bakherbergjum í lokaðri stjórnarsýslu án nokkurs gagnsæis.

Staðreyndir flækjast ekki fyrir

Frá því að þing kom saman að nýju eftir sumarleyfi hafa stjórnarandstæðingar farið geyst. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur verið sökuð um að „hola“ velferðarkerfið að innan og á sama tíma lækka skatta á efnafólk m.a. með „afnámi“ auðlegðarskatts. Hvorki staðreyndir né saga flækjast fyrir og ekki í fyrsta skipti. Útgjöld til heilbrigðismála og almannatrygginga hafa verið stóraukin frá tíma vinstri stjórnarinnar. Um það verður ekki deilt. Þingmenn geta tekist á um hvort auka hefði átt útgjöldin enn meira og jafnvel hvort fjármunum sé öllum skynsamlega varið.

Þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir kerfisbreytingum á virðisaukaskattinum árið 2014, með lækkun efra þrepsins og hækkun þess neðra, samhliða afnámi vörugjalda, tók stjórnarandstaðan hraustlega til máls og gagnrýndi breytingarnar harðlega, og þá fyrst og fremst hækkun virðisauka á matvæli. Engu skipti þótt Samfylkingar og Vinstri græn

hefðu áður látið sig dreyma um hækkun „matarskattsins“ samkvæmt ábendingum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins [AGS].

Vildu hækka matarskattinn

Í samtali við fréttastofu ríkisins í júní 2011 staðfesti Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi fjármálaráðherra, að verið væri að skoða að taka upp eitt virðisaukaskattþrep. Liðlega ári síðar lýsti Oddný Harðardóttir, sem tók við fjármálaráðuneytinu af Steingrími, því yfir að rétt væri að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Í viðtali við Viðskiptablaðið í ágúst 2012 sagði ráðherrann:

„Ég myndi vilja skoða það að lækka efra þrepið þegar fram í sækir. Mér líst betur á það að vera bara með eitt þrep, þannig að við getum lækkað það sem nú er í efra þrepi og endurskoðað það sem er á undanþágunni. Við þurfum að endurskoða þetta reglulega.“

Hugmyndir ráðherra „norrænu velferðarstjórnarinnar“ fólu því í sér að stórhækka virðisaukaskatt á matvæli án þess að grípa til mótvægisáðgerða, t.d. með afnámi vörugjalda líkt og gert var.

Vildi ekki auðlegðarskattinn

Gagnrýni stjórnarandstöðunnar að ekki skuli lagður á auðlegðarskattur er sama marki brennd. „Norræna velferðarstjórnin“ lagði skattinn á og hét því að hann væri tímabundinn. Samkvæmt lögum skyldi skatturinn falla niður í lok árs 2013. Oddný Harðardóttir var afdráttarlaus í áður nefndu viðtali við Viðskiptablaðið:

„Það eru ákveðin vandamál með auðlegðarskattinn. Hann er þó tímabundinn og ég mun leggja áherslu á að endurnýja hann ekki.“

Hvorki meira né minna: Fjármálaráðherra vinstri stjórnarinnar lagði áherslu á að auðlegðarskatturinn yrði ekki endurnýjaður. Svo er ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sökuð um að afnema skattinn og hygla þar með eignafólki. Þó var ekkert annað gert en láta ákvörðun meirihluta „norrænu velferðarstjórnarinnar“ ná fram að ganga og ákvæði laga féll úr gildi.

Skiljanlega eiga vinstrimenn erfitt með að láta fara framhjá sér tækifæri til að koma höggi á sitjandi ríkisstjórn, ekki síst í aðdraganda kosninga. Þá skortir ekki kjarkinn við endurritun sögunnar. Þeir vita sem er að í pólitískri baráttu eru hægrimenn værukærir og ekki eins vopnfimir. Óhræddir mæta vinstrimenn því á vígvöll stjórnmalanna

og halda því kinnroðalaust fram að afnám millipreps í tekjuskatti sé enn eitt dæmið um hvernig stöðugt er mulið undir þá efnameiri. Engu skiptir þótt venjulegt launafólk beri þyngstu byrðarnar. Sú staðreynd er aukaatriði.

24. ágúst 2016

Merkingalausar heitstrengingar

Í ræðu og riti áttu Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon eitt sameiginlegt umfram margt annað; þau voru baráttufólk fyrir beinu lýðræði. Sem stjórnarandstæðingar var aukinn réttur landsmanna til að kjósa um mikilvæg mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, þeim hugleikinn. Sem forystumenn í ríkisstjórn 2009 til 2013, fengu þau ítrekuð tækifæri til láta drauminn rætast. Í öll skiptin börðust þau gegn því að leitað yrði álits þjóðarinnar. Heitstrengingar um beint lýðræði og aukin áhrif almennings á mikilvæg málefni, reyndust innantóm.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna eftir kosningar 2009 sagðist ríkisstjórnin ætla að „beita sér fyrir opinni stjórnsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum“.

Þetta var í samræmi við stefnu beggja stjórnarflokkanna. Í stefnuyfirlýsingu sem samþykkt var á stofnfundi Samfylkingarinnar í maí 2000 sagði meðal annars:

„Við viljum víðtækt lýðræði. Fulltrúar almennings taki ákvarðanir um sameiginleg málefni fyrir opnum tjöldum. Sem flestar ákvarðanir verði teknar beint af þeim hópum fólks sem þær varða. Einstaklingar, samtök á vinnumarkaði og frjáls félagasamtök hafi sem mestan sjálfsákvörðunarrett.“

Í stjórn málaályktun landsfundar Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar 2009 var rætt um „rétt almennings til þjóðaratkvæðagreiðslna“. Þetta var í takt við það sem fyrri landsfundir höfðu ályktað en fyrir þingkosningar sagði meðal annars í stjórn málaályktun:

„Samfylkingin leggur höfuðáherslu á lýðræðismál með auknu íbúalýðræði og réttur almennings til þjóðaratkvæðagreiðslna verði tryggður í stjórnarskrá.“

Stjórnarflokkarnir og helstu forystumenn þeirra voru samstíga í loforðum um aukið lýðræði og þá ekki síst er varðar rétt almennings að setja álit sitt á einstökum málum í þjóðaratkvæðagreiðslum. Í ályktun landsfundar Vinstri grænna árið 2007 sagði:

„Fulltrúalýðræðinu er hreint ekki ógnað af því að þjóðin greiði öðru hvoru atkvæði um tiltekin mál. Nauðsynlegt er að setja inn í almenn lög eða stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, til að mynda að tiltekið hlutfall þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu með undirskriftum eða viðlíka hætti.“

„Treystum við ekki þjóðinni?“

Árið 2006 gaf Steingrímur J. út bókina Við öll - íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum. Þar fjallaði hann meðal annars um beint lýðræði og mikilvægi þjóðaratkvæða. Steingrímur hélt því fram að breyta ætti stjórnarskrá og setja inn ákvæði um rétt almennings að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu:

„Slíkur afráttarlaus og stjórnarskrárbundinn réttur þjóðarinnar stangast ekki á við það að í stjórnarskrá sé jafnframt kveðið á um möguleika tiltekins allstórs minnihluta þingmanna og/eða þjóðkjörins forseta til að skjóta málum til þjóðarinnar.“

Skoðanir hans í bókinni voru í góðu samræmi við það sem hann sagði á Alþingi 4. mars 2003. Þá gerði hann grein fyrir tillögu sem hann flutti ásamt félögum sínum í VG, um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði:

„Treystum við ekki þjóðinni? Ekki getur það verið vandinn að nokkrum manni í þessum sal, þingræðissinna, detti í hug að þjóðin sé ekki fullfær um að meta þetta mál sjálf og kjósa um það samhliða því að hún kys sér þingmenn. Stundum heyrst að vísu einstaka hjáróma rödd um að sum mál séu svo flókin að þau henti ekki í þjóðaratkvæði. Það er einhver allra ömurlegasti málflutningur sem ég heyr.“

Í áður nefndri bók taldi Steingrímur rétt að setja inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæði:

- 20-30 þúsund manns geti krafist þjóðaratkvæðis
- 27 þingmenn hið minnsta geti krafist þjóðaratkvæðis

Stjórnarskránni hefur ekki verið breytt og því engin leið að efna til þjóðaratkvæðis nema að meirihluti þingmanna ákveði slíkt eða að forseti synji lögum staðfestingar.

Skilyrði Steingrím uppfyllt

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson forseti tók ákvörðun um að synja í annað sinn lögum um ríkisábyrgð á skuldum Landsbankans - Icesave, lá tvennt fyrir:

- Yfir 41 þúsund landsmanna skrifuðu undir áskorun til forseta að hafna Icesave-lögunum.
- 30 þingmenn greiddu atkvæði með því að vísa Icesave-lögunum í þjóðaratkvæði.

Þannig var forsetinn í raun að fylgja eftir hugmyndum Steingríms J. Sigfússonar um þjóðaratkvæði. Skilyrðin sem fyrrverandi leiðtogi VG taldi að ættu að vera fyrir hendi til að efnt væri til þjóðaratkvæðagreiðslu voru uppfyllt. En Steingrímur fagnaði ekki heldur þvert á móti reyndi hann ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum að gera lítið úr atkvæðagreiðslunni. Hún hefði ekkert gildi.

Þjóðaratkvæðagreiðsla sögð dapurleg

Forystumenn ríkisstjórnarinnar höfðu tækifæri til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave áður en kom til þess að forseti beitti synjunarvaldi. Pétur heitinn Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði til að lög um ríkisábyrgðina skyldu ekki öðlast gildi nema því aðeins að meirihluti kjósenda samþykkt ábyrgðina í sérstökum kosningum. Tillaga Péturs var felld 30. desember 2009 með stuðningi allra þingmanna Samfylkingarinnar og 12 þingmanna Vinstri grænna. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra, greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Í aðdraganda fyrri þjóðaratkvæðagreiðslunnar gerðu bæði Jóhanna og Steingrímur lítið úr atkvæðagreiðslunni. Eftir ríkisstjórnarfund 26. febrúar 2010 sagði Steingrímur að óvíst væri hvort hann kysi. „Eigum við ekki bara að hafa spennu í þessu máli,“ sagði Steingrímur aðspurður. Hann taldi þjóðaratkvæðagreiðsluna vera „dapurlega“ og þjóna takmörkuðum tilgangi.

Jóhanna Sigurðardóttir svaraði fyrirspurn Bjarna Benediktssonar um atkvæðagreiðsluna á þingi 1. mars 2010 og sagði:

„Hitt er annað mál að þegar fyrir liggur tilboð frá Bretum og Hollendingum um samning sem er með 70 milljarða lægri greiðslubyrði en sá samningur sem greiða á atkvæði um, veltir maður auðvitað fyrir sér um hvað á að greiða atkvæði ef þetta er raunverulega þjóðaratkvæðagreiðsla um samning sem enginn berst fyrir lengur. Maður veltir fyrir sér: Er þetta ekki hálfgerður

hráskinnaleikur? Er þessi þjóðaratkvæðagreiðsla ekki marklaus þegar fyrir liggur annað tilboð á borðinu sem við gætum fengið?”

Morgunblaðið greindi frá því tveimur dögum eftir að Jóhanna gaf lítið fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna að Lee Buchheit, sem þá hafði tekið við forystu í Icesave-samninganefndinni, hafi frá upphafi lagt á „það ríka áherslu við Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra að þau gerðu ekki lítið úr þýðingu þjóðaratkvæðagreiðslunnar nú á laugardag, um Icesave. Það væri að hans mati glapræði að gefa undir fótinn með það að fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni eða hætta við hana. Hann mun hafa lýst þeirri skoðun sinni afdráttarlaust að þjóðaratkvæðagreiðslan væri sterkasta samningavopn Íslendinga.“

Föstudaginn 5. mars 2010 – daginn fyrir kjördag – lýsti Jóhanna því yfir í viðtali við Fréttablaðið að hún ætlaði ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um lög sem hún bar ábyrgð á:

„Mér finnst þetta markleysa og finnst mjög dapurlegt að fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan frá stofnun lýðveldisins verði um lög sem þegar eru orðin orðin úrelt. Í ljósi þess sé ég engan tilgang í að taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu.“

Sama var upp á teningnum þegar Icesave III kom til afgreiðslu á þingi 16. febrúar 2011. Tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu var felld með atkvæðum Steingríms og Jóhönnu. Ólafur Ragnar Grímsson neitaði að staðfesta lög um Icesave í annað sinn og þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram. Enn og aftur reyndu forráðamenn ríkisstjórnarinnar að tala niður kosningarnar.

Gengið gegn eigin hugmyndum

Jóhanna og Steingrímur höfðu gengið gegn eigin hugmyndum um þjóðaratkvæði áður en kom að Icesave-kosningunum. Meirihluti Alþingis felldi tillögu um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort sækja skyldi um aðild að Evrópusambandinu. Jóhanna og Steingrímur voru á meðal þeirra sem voru andvíg tillögunni þegar greidd voru atkvæði um hana 16. júlí 2009. Allir þingmenn Samfylkingarinnar lögðust gegn þjóðaratkvæði um aðildarviðræður en þingflokkur VG klofnaði þar sem fimm þingmenn flokksins töldu rétt að sækja ekki um aðild fyrr að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Meirihluti þingsins samþykkti síðan að óska eftir aðildarviðræðum við ESB. Umsóknin var því aldrei borin undir kjósendur.

Andstaða Steingríms J. Sigfússonar við þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja skyldi viðræður við Evrópusambandið um aðild, var í hróplegri andstöðu við það sem hann hafði áður sagt, meðal annars í fyrrnefndri þingræðu í mars 2003:

„Það dettur engum í hug að við göngum í Evrópusambandið nema þjóðin sjálf taki ákvarðanir í því máli jafnvel bæði hvort við eigum að fara í slíkar viðræður og þá að niðurstaðan verði lögð í dóm þjóðarinnar.“

Síðar í sömu ræðu sagði Steingrímur:

„Þetta skiptir máli vegna þess að stundum er sagt við okkur að þjóðaratkvæðagreiðslur séu í rauninni bara einhver afbökun á því fyrirkomulagi sem við höfum valið okkur, notuð sú röksemda-færsla að af því að við kjósum okkur þingmenn á fjögurra ára fresti sé verið að taka eitthvert hlutverk af þeim ef þjóðin fær að segja sína skoðun. Þetta er auðvitað fráleitur málflutningur. Það er aldrei hægt að nota slík rök gegn beinu lýðræði.“

En það þarf ekki að fara aftur í þingræður og skrif Steingríms frá því hann sat í stjórnarandstöðu. Eftir að hann varð ráðherra í vinstri stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, lagði hann áherslu á þjóðaratkvæðis-greiðslur og að lýðræði ætti að vera virkt á hverjum degi en ekki aðeins á fjögurra ára fresti. Í umræðum um frumvarp til stjórnskipunarlaga 8. apríl 2009 sagði hann meðal annars:

„Þrátt fyrir þingræðisskipulag okkar og þrátt fyrir mikilvægi þessarar stofnunar hér sem mér þykir vænt um og hef eytt miklum tíma á hennar vegum, stórum hluta ævi minnar, á ég í engum vandræðum með að þjóðin taki til sín og ákveði með lýðræðis-legum hætti í almennum atkvæðagreiðslum mikilvæg mál eða að þjóðin taki í sínar eigin hendur að semja sér stjórnarskrá. Það er ekki í neinni mótsögn við þingræðis- og fulltrúalýðræðisfyrir- komulagið sem við búum við. Það er ekki þannig að lýðræðið megi bara vera virkt á fjögurra ára fresti, að það sé eitthvað að því að það sé virkt alla daga. Það er ósk fólksins í dag.“

Þjóðaratkvæði vegur ekki að þingræðinu

Jóhanna Sigurðardóttir talaði í mörg ár fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum og lagði fram frumvörp þess efnis. Í pistli sem hún birti á heimasíðu sinni 29. desember 1998 segir meðal annars:

„Hér á landi búum við gjarnan við samsteypustjórnir og með slíkum ríkisstjórnnum er auðveldara að semja sig frá kosningaloforðum. Við höfum orðið vitni að því í samskiptum þeirra tveggja flokka sem hafa verið í ríkisstjórn á þessu kjörtímabili sem senn lýkur, að sett eru fram stór mál sem ekki hafa verið rædd í kosningabaráttunni.“

Í pistlinum taldi Jóhanna að fyllilega kæmi til greina að afnema synjunarvald forseta lýðveldisins en heimila þess í stað þjóðar- atkvæðagreiðslu. Rökin væru einföld: Það væri óþarft „eða a.m.k. ekki eins mikil ástæða til þeirrar heimildar ef opnaðist fyrir þann lýðræðislega rétt fólksins að stór mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu ef fimmtungur kosningarbærra manna óskar þess“.

Athyglisvert er að lesa grein sem Jóhanna skrifaði í Morgunblaðið 8. júní 2004 þegar tekist var á um umdeild fjölmiðlalög, sem Ólafur Ragnar Grímsson synjaði staðfestingar. Þá var Jóhanna í stjórnarandstöðu.

Jóhanna skrifaði:

„Það er beinlínis hlægilegt að hlusta á ráðamenn hafa áhyggjur af þingræðinu nú - menn sem stjórnað hafa þjóðinni með ráðherraræði í hartnær áratug. Lýðræðið er, engu síður en þingræðið, hornsteinn og grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar. Það er því ekki verið að vega að þingræðinu með því að beita lýðræðinu á þann hátt að fólkíð fái sjálft í þjóðaratkvæðagreiðslu að leggja dóm á mál sem forseti Íslands hefur kosið að vísa til þjóðarinnar. Með ákvörðun um þjóðar- atkvæðagreiðslu er á lýðræðislegan hátt verið að færa valdið í hendur fólksins, sem þjóðkjörnir fulltrúar sækja umboð sitt frá. Það að slíkur réttur skuli vera fyrir hendi veitir þingræðinu og ekki síður framkvæmdavaldinu nauðsynlegt aðhald, sem styrkir lýðræðið.“

Jóhanna hélt síðan áfram:

„Í stjórnartíð Davíðs Oddssonar hefur framkvæmdavaldið styrkst gífurlega á kostnað bæði þingræðis og lýðræðis. Mörgum hefur fundist stjórnarhættir oddvita stjórnarflokkanna minna meira á tilskipanir einræðisherra en lýðræði, enda hafa ákvarðanir þeirra iðulega endað fyrir dómstólum. Ekki er hikað við að keyra í gegnum þingið lög sem beinist að þeim sem standa ekki og sitja eins og valdstjórnin vill. Nægir þar að nefna fjölmiðlalögin og niðurlagningu á þjóðhagsstofnun.“

Jóhanna skrifaði jafnframt:

„Nú eru þessir sömu menn [Davið Oddsson og Halldór Ásgrímsson, innsk. óbk] fullir vandlætningar og tala um atlögu að þingræðinu, þegar forseti lýðveldisins beitir málskotsrétti sínum, sem honum er tryggður í stjórnarskránni og vísar umdeildu máli til þjóðarinnar. Nei - svo oft hafa núverandi valdhafar misboðið þingræðinu og lítilsvirt það, að það fer þeim illa að bera á þessum tímamótum fyrir sig umhyggju fyrir því. Í reynd hefur lýðræðið nú vikið til hliðar ráðherraræðinu og í framhaldinu gæti þetta átt eftir að styrkja þingræðið.”

Gagnrýni Jóhönnu er merkileg í ljósi viðbragða hennar og Steingríms J. Sigfússonar við synjun forsetans á Icesave-lögunum.

En 2004 skrifaði Jóhanna í áðurnefndri grein:

„Viðbrögð oddvitanna einkennast nú af hefnd vegna þess að forsetinn setti valdið í hendur fólksins. Þeir vilja taka málskotsréttinn af forsetanum sem gengur gegn lýðræðinu og mun treysta enn frekar í sessi ráðherraræðið á Íslandi.”

Nokkru síðar skrifaði Jóhanna sem þá var í stjórnarandstöðu:

„Ef stjórnarherrunum er alvara í því að ætla að leggja til að afnema málskotsrétt forsetans þá er rétt og eðlilegt að um leið og þjóðin gengur til atkvæða nú í sumar um fjölmiðlalögin þá verði hún einnig spurð um afstöðu til málskotsréttar forseta Íslands og hvort heimila eigi að tilskilinn hluti þjóðarinnar geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.”

Þrjár höfuðsyndir

Í alþingiskosningunum 2013 hrundi fylgi Vinstri grænna og Samfylkingarinnar sérstaklega. Í kosningunum 2009 fengu þessir flokkar samtals 51,5% atkvæða en fjórum árum síðar aðeins tæp 24%.

Fylgishrunið var sögulegt hjá Samfylkingunni sem fór úr tæpum 30% atkvæða í 13%. Fram til þessa hefur Samfylkingin ekki náð að rétta úr kútnum en töluvert bjarta er yfir Vinstri grænum, sem margir rekja til persónufylgis Katrínar Jakobsdóttur formanns.

Margar skýringar hafa verið settar fram á fylgishruni vinstri flokkanna. Engin er einhlýt en Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, veltir því fyrir sér á vefsíðu sinni – *styrmir.is* – hvað hafi gerst í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur sem geti hugsanlega skýrt

Þetta fylgistap. Styrmir skrifaði 31. mars síðastliðinn meðal annars:

„Í þremur tilvikum sýndi sú ríkisstjórn virðingarleysi gagnvart þeim viðhorfum um lýðræðislega stjórnarhætti, sem hafa verið að ryðja sér til rúms á seinni árum.

Í fyrsta lagi sótti hún ekki beint umboð til þjóðarinnar áður en sótt var um aðild að Evrópusambandinu, heldur felldi beinlínis tillögu þar um á Alþingi.

Í öðru lagi eyðilagði hún umboð hins svonefnda stjórnlagaráðs með því að efna ekki til nýrra kosninga um það eftir að Hæstiréttur hafði dæmt kosningu stjórnlagaráðs ógilda en skipaði sama fólk í þess stað.

Í þriðja lagi reyndi hún að knýja fram samninga um Icesave án þess að spyrja þjóðina.“

Styrmir heldur því fram að þetta séu „þrjár höfuðsýndir jafnaðarmannaflokks, sem að öðru leyti vísar stöðugt til mikilvægis lýðræðislegra vinnubragða“.

Skýringar Styrmis eru trúverðugar ekki síst þegar fyrirheit forustu-manna um aukið lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur eru höfð í huga. Þegar þeir höfðu síðan tækifæri til að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd varð ekkert úr, heldur þvert á móti unnu þingmenn og ráðherrar flokkanna gegn því að almenningur gæti komið beint að málum, hvort heldur er varðar Icesave-samningana eða umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Þjóðmál sumar 2016

Hvað bíður handan við hornið?

Myndin verður stöðugt skýrari.

Vinstri flokkarnir lofa að gera allt fyrir alla. Peningunum verður ausið úr kistum ríkissjóðs að loknum kosningum enda varla það vandamál til í hugum stjórnlyndra sem ekki er hægt að leysa með peningum. Horfið verður frá lögbundnum lækkunum skatta og tolla, gamlir skattar endurvaktir, nýir settir á og aðrir hækkaðir. Þannig segjast vinstri menn ætla að forgangsraða.

Kjósendur vita hvað situr í fyrirrúmi hjá vinstri mönnum.

Í erfiðleikum eftir fall fjármálakerfisins var frægum hnif niðurskurðar fyrst og síðast beitt á heilbrigðiskerfið til að hlífa stjórnsýslunni og fjármagna gæluverkefni. Lífeyrisgreiðslur til eldri borgara og öryrkja voru skertar á sama tíma og unnið var að því hörðum höndum að koma skuldum einkafyrirtækis yfir á skattgreiðendur. Eignaskattur var innleiddur og lagðist þungt á eldri borgara með lágar tekjur. Skattar á millistéttina voru hækkaðir með því að innleiða þrepaskipt tekju-skattskerfi með tilheyrandi jaðarsköttum.

Reykjavík er fyrirmyndin

Loforð vinstri manna er að innleiða stjórnsýslu og hugmyndafræði meirihluta borgarstjórnar yfir á landið allt. Reykvikingar þekka af eigin raun hvernig útgjöldum er forgangsraðað. Þjónusta við eldri borgara er skorin niður og leik- og grunnskólar sitja á hakanum. Borgarfulltrúar ferðast um heiminn til að kynna sér lestarsamgöngur og innheimtur bílastæðagjalda í stórborgum. Í Reykjavík grotna götur niður en hundruðum milljóna er varið í að þrengja meginæðar gatnakerfisins. Reykjavík hefur verið gerð að höfuðborg holunnar. Kvörtunum um lélegan kost í skólum er mætt með því að hækka álögur á barna-fjölskyldur. Borgarsjóður er ekki lengur sjálfbær þrátt fyrir að álögur og gjöld á íbúana séu í hæstu hæðum.

Kjósendur geta gert sér sæmilega grein fyrir því hvað bíður handan við hornið, taki vinstri stjórn við völdum að loknum kosningum. Verkin tala og fyrirmyndin liggur fyrir.

Í einfaldleika sínum snúast komandi kosningar um hvort Sjálfstæðis-flokkurinn er utan ríkisstjórnar eða hvort Bjarni Benediktsson leiðir nýja ríkisstjórn næstu fjögur árin. Verkin tala og stefnan er skýr.

Dauðasynd og lækkun skatta

Í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa orðið algjör umskipti í efnahagsmálum og stöðu ríkissjóðs. Skuldastaða heimila og fyrirtækja hefur stórbatnað, laun hafa hækkað og kaupmáttur aukist. Myndarleg endurreisn heilbrigðiskerfisins er hafin og fjármögnun nýs Landspítala er tryggð. Framlög til heilbrigðismála hafa aldrei verið hærri. Stigin hafa verið stór skref í að rétt við hlut eldri borgara og öryrkja en þar eru verk óunnin við einföldun kerfisins, innleiðingu starfsgetumats, hækkun grunnreiðslna og frítekjumarks. Fyrir liggur áætlun um að jafna lífeyrisréttindi almennings samhliða því að jafna laun á almennum markaði og hjá hinu opinbera.

Undir forystu Bjarna Benediktssonar í fjármálaráðuneytinu hafa unnist áfangasigrar við að innleiða skynsamlegt og réttlátara tekju-skattskerfi einstaklinga. Skatthlutfall í neðsta þrepi hefur verið lækkað sem og í milliprepinu sem á samkvæmt lögum að falla niður í byrjun komandi árs. Þessar breytingar leiða til þess að einstaklingar munu greiða 15 milljörðum minna í tekjuskatt á komandi ári en þeir hefðu gert undir skattastefnu síðustu vinstri stjórnar. Komist vinstri menn aftur til valda verða þessar skattalækkanir að engu gerðar. Einstaklingar með meðaltekjur verða skattlagðir sérstaklega með milliprepi enda er það einlæg trú vinstri manna að með því að lækka skatta sé ríkið að „afsala sér tekjum“.

Hið sama á við um 13,5 milljörðum lægri álögur á heimilin með lækkun neysluskatta, – m.a. afnámi vörugjalda og tolla. Hinir stjórnlyndu og skattaglöðu líta svo á að ríkið sé að „kasta frá sér tekjum“. Og auðvitað er 10,5 milljarða lækkun skatta á atvinnulífið dauðasynd.

Hættulegt skattheimtuvald

Íslenskir vinstri menn hafa aldrei skilið hvað John F. Kennedy, forseti Bandaríkjanna, átti við þegar hann varaði við hættunni sem fylgir skattheimtuvaldi stjórnámálanna. Þrúgandi skattkerfi skilar aldrei nægjanlegum tekjum, býr aldrei til hagvöxt eða skapar nægilega mörg störf.

Hófsemd og sanngirni í álögum á einstaklinga og fyrirtæki, er vítamín efnahagslífsins og ríkissjóður nýtur góðs af líkt og sveitarfélögin. Möguleikarnir til að standa með myndarskap að rekstri heilbrigðiskerfisins, þar sem allir njóta þjónustu óháð efnahag, verða meiri. Ríkissjóður fær aukinn styrk til að tryggja hag eldri borgara og öryrkja. Nauðsynleg fjárfesting í innviðum samfélagsins verður ekki draumsýn heldur raunveruleg. Stöðugleiki festist í sessi, með lágru verðbólgu, lágum vöxtum og stöðugt hækkandi kaupmætti launafólks.

Í almennum stjórn málaumræðum á Alþingi – eldhúsdeginum – síðastliðinn mánudag, sagði Bjarni Benediktsson meðal annars:

„Það finna allir Íslendingar hversu miklu það skiptir að búa við stöðugleika. Stöðugleiki er eitt helsta baráttumál okkar inn í þessar kosningar, hefur verið á þessu kjörtímabili og er um leið eitt helsta hagsmunamál heimilanna, að menn geti búið við fjárhagslegt öryggi, atvinnulegt öryggi, geti tekið ákvarðanir inn í framtíðina án þess að hafa áhyggjur af því að hér sé að koma ný kollsteypa, að vextir rjúki upp úr öllu valdi eða atvinnan sé ekki í hendi eftir eitt eða tvö, þrjú, fjögur ár. Hvorki heimilin né atvinnu-

Líf geta tekið ákvarðanir inn í framtíðina við slíkar aðstæður. Við munum áfram leggja áherslu á þetta.“

Orð formanns Sjálfstæðisflokksins draga með skýrum hætti fram um hvað alþingiskosningarnar snúast: Stöðugleika og bætt lífskjör.

28. september 2016

Eina mótstaðan gegn vinstristjórn

Kjósendur geta fagnað því að kostirnir sem þeir standa frammi fyrir næstkomandi laugardag eru óvenjuskýrir. Annars vegar er það vinstristjórn að frumkvæði Pírata með fjórum eða líklega fimm flokkum, eða ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokksins. Kjósendur þekkja báða kostina.

Draumur vinstrimanna er að yfirfæra Reykjavíkurmódelið yfir á landstjórnina – og borgarbúar vita hvað það þýðir. Ár hinna glötuðu tækifæra – 2009 til 2013 – á að endurtaka, enn skal tilraun gerð til að kollvarpa allri stjórnskipan, leggja til atlögu við grunnatvinnugreinar, skattleggja allt sem hreyfist og þá ekki síst ferðabjónustu og endurtaka ESB-skollaleikinn.

Nái vinstriflokkarnir meirihluta næstkomandi laugardag verður gefin út samstarfsyfirlýsing og þar verður sótt í kistur vinstristjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna. Því verður lofað að leiða til öndvegis „ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálp, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis“. Fyrirheit verða gefin um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir „opinni stjórnsýslu, auknu gagnsæi og lýðræðisumbótum“.

Kjósendur muna hvernig til tókst að standa við stóru loforðin í síðustu ríkisstjórn vinstriflokkanna. Þá voru stór mál afgreidd með baktjalda-makki samkvæmt lýsingum þeirra sem sátu við ríkisstjórnarborðið. Stjórnarfrumvarpi sem kollvarpa átti stjórnkerfi fiskveiða var líkt við bílslys af ráðherrum. Einstaklingur sem sótti rétt sinn fyrir dómstólum var gagnrýndur opinberlega af forsætisráðherra. Umhverfisráðherra vildi breyta lögum þar sem dómstólar komust að niðurstöðum sem voru honum ekki þóknanlegar. Ákveðið var að fara í kringum ógildingu Hæstaréttar á kosningu.

Ný gildi jöfnuðar og félagslegs réttlætis réðu ferðinni þegar niður-skurðarhnífnum var beitt af alefli gagnvart heilbrigðiskerfinu en æðstu stjórn ríkisins var hlíft og gott betur. Bætur almannatrygginga voru skertar á sama tíma og unnið var að því að þjóðnýta skuldir einkabanka. Aukið gagnsæi og lýðræðisumbætur birtust í því að koma í veg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarumsókn að ESB og tilraunum til að koma í veg fyrir almenningur hefði nokkuð um það að segja að Ice-save-klyfjar væru lagðar á hans herðar.

Aukadekkið

Viðreisn hefur gert hosur sínar grænar fyrir Pírötum milli þess sem flokksmenn hafa rifist við talsmenn Bjartrar framtíðar um hvor flokkurinn hafi fengið „að láni“ slagorð hins. Líkt og sannur vinstriflokkur gefur Viðreisn fyrirheit um að feta inn á þekktar brautir sósíalismans og koma á fót millifærslusjóðum sem líkt og í gamla daga verður stjórnað af kommisörum. Kannski er fyrirmyndin sótt til Brussel.

Margt bendir til að Viðreisn verði aukadekkið sem vinstristjórn þarf á að halda að loknum kosningum enda samið um að leiða Ísland inn í Evrópusambandið. Fyrirstaðan verður engin líkt og Hjörleifur Guttormsson, einn stofnandi Vinstri grænna, benti á hér í Morgunblaðinu í gær, þriðjudag:

„Fráhvarf forystu Vinstri grænna frá upphaflegri andstöðu við ESB-aðild er annað og djúpstæðara en almenningur gerir sér grein fyrir. Eftir að einarðir ESB-andstæðingar höfðu einn af öðrum hraktist úr þingflokki VG hljóðnuðu andstöðuraddir forystumanna, sem eftir sátu, við ESB-aðild. Eftir að Ísland lagði inn aðildarumsókn að ESB sumarið 2009 minnst ég þess ekki að Steingrímur J. sem formaður eða arftakinn Katrín Jakobsdóttir hafi í blaðagreinum eða á öðrum vettvangi rökstutt og útskýrt þá formlegu afstöðu flokksins að vera á móti aðild. Klisjunni virðist eingöngu hafa verið viðhaldið til að villa á sér heimildir og til að missa sem fæsta eindregna andstæðinga ESB-aðildar út úr röðunum. Öðruvísi verður ekki útskýrð þögn þessa fólks í örlagaríkasta máli Íslendinga um langt skeið. – Það sama er uppi á teningnum nú í aðdraganda kosninga. Í kosningaáherslum VG eins og þær birtast á heimasíðu flokksins er ekki að finna stakt orð um Evrópusambandið, af eða á. Purfum við frekar vitnanna við?“

Déja vu

Komist vinstriflokkarnir til valda verður bjöllunum aftur hringt í Brussel. Og eftir nokkrar vikur mun fjármálaráðherra (Steingrímur J?) standa upp og kynna umbyltingu skattkerfisins – í anda „*you-ain't-seen-nothing-yet*“. Milliprep í tekjuskatti verður ekki felld niður líkt og lög kveða á um. Í sælulandi vinstrimanna er tekjuskatturinn margþrepa og alltaf er sótt sérstaklega að millistéttinni. Tollar verða ekki afnumdir, þeir verða hækkaðir og settir á að nýju. Eignarskattar – auðlegðarskattar – verða kynntir til sögunnar að nýju og eldri borgarar verða fórnarlömbin. Enn einu sinni verður gerð atlaða að sjávarútvegi og grafið undan ferðaþjónustu með auknum álögum.

Afleiðingarnar eru fyrirsjáanlegar. Atvinnulífið heldur að sér höndum. Það dregur úr fjárfestingum, laun lækka og störfum fækkar. Góðæri breytist í stöðnun, svo samdrátt og lakari lífskjör. Öll fögru 200-milljarða kosningaloforðin fjúka út um gluggann. Ríkissjóður verður rekinn með vaxandi halla, verðbólga eykst og skuldir hækka. Gamla vítisvélín fer aftur í gang.

Sjálfstæðisflokkurinn er eina mótstaðan við vinstristjórn. Á grunni stöðugleika vilja Sjálfstæðismenn sækja fram, bæta lífskjörin og halda endurreisn heilbrigðiskerfisins áfram. Með öflugum atvinnulífi er hægt að efla menntakerfið og ráðast í nauðsynlega innviðafjárfestingu. Sjálfstæðismenn skilja að þegar ýtt er undir millistéttina með hófsemd í álögum, fær ríkissjóður aukinn styrk og þar með getum við staðið sameiginlega með myndarlegum hætti að velferðarkerfinu.

Kjósendur ráða niðurstöðunni þegar þeir ganga að kjörborði á laugardaginn. Kostirnir eru skýrir – óvenjuskýrir.

26. október 2016

Einföld ákvörðun forsetans og valkreppa vinstri manna

Forseti Íslands átti fundi með leiðtogum allra þeirra sjö stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi eftir kosningarnar síðastliðinn laugardag. Bæði fyrir og eftir fundina fór af stað samkvæmisleikur fjölmiðlunga, stjórnmalaskýrenda og stjórnmalamanna, um hver leiðtoganna sjö ætti að fá umboð til að mynda nýja ríkisstjórn. Hinir

djúpvitrustu lýstu því strax yfir að Guðna Th. Jóhannessyni forseta væri vandi á höndum – staðan væri flókin og stjórnarmyndunarviðræður yrðu erfiðar.

Í gærmorgun tilkynnti forseti um ákvörðun sína enda gat hún varla vafist fyrir manni sem býr yfir betri þekkingu á embætti forseta Íslands en flestir aðrir. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur fengið umboð til að mynda ríkisstjórn.

Sjálfstæðisflokkurinn var sigurvegari kosninganna og Bjarni Benediktsson er óumdeildur sterkasti stjórnámálaleiðtogi landsins. Flokkurinn bætti við sig tveimur þingmönnum. Þingflokkur sjálfstæðismanna er stærri en samanlagðir þingflokkar Pírata og Vinstri grænna. Björt framtíð, Viðreisn og Samfylkingin eru samtals með 14 þingmenn, sjö þingmönnum færri en Sjálfstæðisflokkurinn.

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn í öllum kjördæmum landsins. Í kjördæmi formannsins meira en tvisvar sinnum stærri en sá flokkur sem næst kemur.

Framhjá þessum staðreyndum gat forseti eðlilega ekki litið. Hann valdi því vænlegasta kostinn.

Ákall um minnihlutastjórn

Það hefði verið fráleitt og ábyrgðarlaust ef forseti lýðveldisins hefði látið kröfuna um myndun minnihlutastjórnar hafa áhrif á sig. Ákall Pírata um minnihlutastjórn með stuðningi þeirra breytir þar engu enda aðeins vanmáttug tilraun til að koma í veg fyrir ríkisstjórn með þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Píratar reyndu einnig slíkt fyrir kosningar en voru gerðir afturreka síðastliðinn laugardag.

Þorbjörn Þórðarson skrifar í forystugrein Fréttablaðsins síðastliðinn þriðjudag:

„Þjóðin hafnaði vinstristjórn undir forystu Pírata með afgerandi hætti í alþingiskosningunum og Sjálfstæðisflokkurinn er sigurvegari kosninganna.“

Þessi orð lýsa í hnotskurn niðurstöðu kosninganna og undirstrika hversu fráleitt það er að koma á lappirnar minnihluta-vinstristjórn sem varin er af Pírötum. Ríkisstjórn sem á allt sitt undir Pírötum verður hvorki til stórræðanna né langlíf.

„Við höfum lagt til, ef það myndi hjálpa til, að við værum tilbúin til þess að styðja minnihlutastjórn sem gæti þá verið sett þannig upp að það væri Viðreisn, Björt framtíð og Vinstri-græn og við og Samfylkingin stutt hana án þess að eiga ráðherrasæti.“

Þetta sagði Birgitta Jónsdóttir eftir fund með forseta Íslands á mánudag. Í frásögn mbl.is kemur fram að Birgitta telji mikilvægt að hafa fyrirkomulagið einfalt:

„Það er flókið ef það sitja formenn úr fimm flokkum við ríkisstjórnarborðið.“

Í ógöngum

Síðast þegar forystumenn annarra vinstri flokkanna létu Birgittu teyma sig lentu þeir í ógöngum. „Lækjarbrekkustjórnin“ var sjálf dauð áður en gengið var að kjörborði. Björt framtíð missti flugið, Samfylkingin þurrkaðist nær út í kosningunum og Vinstri græn náðu ekki þeim árangri sem þeir vonuðust og skoðanakannanir höfðu gefið tilefni til.

Formaður Viðreisnar var hins vegar hrifinn og sagði útspil Pírata „áhugavert“. Hann taldi það eðlilegt að flokkur með sjö þingmenn – þrisvar sinnum færri en Sjálfstæðisflokkurinn – fengi umboð frá forsetanum til að mynda ríkisstjórn. Benedikt Jóhannesson segist sannfærður um að Viðreisn sé í lykilstöðu. Ef hann trúir því í einlægni þá hefur hann fallið í gryfju ofmats. Margir sem á undan hafa komið hafa mislesið í pólitíska stöðu, en líklega er Benedikt aðeins að reyna að ná einhverri samningsstöðu, sýna klókindi og minna á sjö manna þingflokkinn.

Tíminn leiðir í ljós hvort pólitísk klókindi formanns Viðreisnar skila árangri. Daginn áður en hann lýsti því yfir að hugmynd Pírata um minnihlutastjórn væri áhugaverð, var annað hljóð í strokknum. Í umræðuþætti á Stöð 2 daginn eftir kjördag sagði Benedikt að sér hugnaðist ekki stjórnarsamstarf með Pírötum, Vinstri grænum, Bjartri framtíð og Samfylkingu. Sér geðjaðist ekki að því að „ganga sem fimmti flokkur inn í Píratabandalagið“. Hann er hins vegar á því að það sé áhugavert fyrir Viðreisn að mynda stjórn sem starfar í skjóli Pírata og á líf sitt undir þeim!

Valkreppa VG

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur þurft að sýna pólitísk hyggindi eftir kosningarnar. Hún hefur neyðst til að leggja áherslu á að mynduð verði vinstri stjórn – en það er varla til annars en til heimabruks. Samfylkingin er ekki á vetur setjandi, eftir blóðuga útreið. VG á litla samleið með Viðreisn. Pírötum verður ekki meira treyst en fram að næstu hugdettu Birgittu eða niðurstöðum kosningakerfis en kjörnir fulltrúar Pírata eiga að fylgja þeim eftir á „viðeigandi

vettvangi”, eins og segir á heimasíðu þeirra. Smölun villikatta í síðustu vinstri stjórn verður eins og léttur gamanleikur miðað við sundurlyndi í nýrri vinstri stjórn, komist hún á koppinn á annað borð. Að ekki sé talað um harða 29 manna stjórnarandstöðu.

Draumurinn um vinstri stjórn varð að engu síðastliðinn laugardag. Valkreppa Katrínar Jakobsdóttur og félagar hennar í Vinstri grænum snýst um hvort flokkurinn ætlar að vera utan ríkisstjórnar eða gera tilraun til að ná stefnumálum sínum fram í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og einhverjum þriðja stjórnarmálaflokki – Framsókn, Viðreisn eða Bjartri framtíð.

Næstu daga og hugsanlega vikur verða forystumenn stjórnarmálaflokkanna uppteknir við að mynda ríkisstjórn. Tíminn er hins vegar knappur enda bíða mikilvæg verkefni. Afgreiða þarf fjárlög fyrir lok ársins og tækifærið til að jafna lífeyrisréttindi landsmanna er enn til staðar.

Fjárlög og jöfnun lífeyrisréttinda geta lagt grunninn að frekari sókn til bættra lífshæðis og uppbyggingu innviða samfélagsins. Íslendingar hafa aldrei verið í betri stöðu til að byggja upp heilbrigðiskerfi í fremstu röð, efla menntun og tryggja öflugt almannatryggingakerfi. Formenn stjórnarmálaflokkanna geta hæglega glutrað niður góðri stöðu eða spilað úr henni af skynsemi með því að mynda sterka meirihlutastjórn á Alþingi.

3. nóvember 2016

Kennedy, Reagan og íslenskir vinstrimenn

Félagshyggjumenn, vinstrimenn, sósíalistar eða hvað þeir kallast sem hafa meiri trú á ríkinu en einstaklingnum hafa alltaf átt erfitt með að skilja samspilið milli hagsældar og hvata einstaklingsins til að afla sér tekna og skapa eitthvað nýtt. Ríkissinnar hafa ekki áttað sig á að ofstjórn og óstjórn eru tvíbúrasystur og fátækt er frænka þeirra.

Hugmyndafræði vinstrimanna hefur komið ágætlega í ljós við umræður um fjármálaáætlun 2018 til 2022, sem verður afgreidd á Alþingi í dag, gangi starfsáætlun þingsins eftir. Áætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur ríkisins verði um 185 milljörðum króna hærri árið 2022 en á þessu ári. Heildartekjur verða 222 milljörðum hærri. Hækkun

skatttekna kemur að mestu fram annars vegar í sköttum af vöru og þjónustu, eða 105 milljarðar, og hins vegar tekjusköttum, sem áætlað er að skili 76 milljörðum meira árið 2022 en í ár. Þessi mikla hækkun skatttekna sem endurspeglar vöxt efnahagslífsins er ekki nægjanleg í hugum margra þingmanna. Þeir vilja ganga lengra jafnt í skattheimtu og í útgjöldum. Og það er töluverð samkeppni meðal vinstrimanna.

Fjórar milljónir á fjölskyldu

Samfylkingin hefur lagt fram breytingatillögu við fjármálaáætlunina sem gerir ráð fyrir að skatta- og eignatekjur verði 31 til 52 milljörðum króna hærrí á ári. Í heild telja Samfylkingarmenn rétt að auka skattheimtuna um 236 milljarða á fimm ára tímabili. En tillögurnar eru nálægt því að vera hófsamar í samanburði við hugmyndir Vinstri grænna, sem eru harðir á því að hækka skatta um nær 334 milljarða, króna, eða um 53 til 75 milljarða á ári. Hvernig þessari auknu skattheimtu verður háttað er óljóst. Það eina sem hægt er að segja með fullvissu er að tillögur Vinstri grænna fela í sér að aukna skattheimtu sem jafngildir um fjórum milljónum króna á hverja fjögurra manna fjölskyldu á fimm árum, umfram það sem fjölskyldurnar þurfa að bera að óbreyttu.

Að minnsta kosti tveir fyrrverandi forsetar Bandaríkjanna hefðu átt erfitt með að skilja hug-myndafræði íslenskra vinstrimanna og stefnu þeirra í skattamálum og harða samkeppni; John F. Kennedy og Ronald Reagan.

Reagan hélt því fram að því hærri sem skattarnir væru, því minni hvata hefði fólk til að vinna og afla sér aukinna tekna. Lægri skattar gæfu almenningi tækifæri til aukinnar neyslu og meiri sparnaðar, hvatinn til að leggja meira á sig og afla tekna yrði eldsneyti hagkerfisins. „Niðurstaðan,“ sagði Reagan, er „meiri hagsæld fyrir alla og auknar tekjur fyrir ríkissjóð.“ Hugmyndafræði Reagans var sú sama og John F. Kennedy kynnti um þremur áratugum fyrr. Repúblíkaninn sótti í smiðju demókratans, sem margir íslenskir vinstrimenn hafa haft í hávegum í liðlega hálfu öld.

Mótsagnakenndur sannleikur

Á blaðamannafundi í nóvember 1960 sagði Kennedy:

„Það er mótsagnakenndur sannleikur að skattar eru of háir og skatttekjur of lágar og að til lengri tíma litið er lækkun skatta besta leiðin til að auka tekjurnar.“

Kennedy lagði áherslu á að lækkun skatta yrði til þess að auka

ráðstöfunarfé heimilanna og hagnað fyrirtækja og þar með kæmist jafnvægi á ríkisfjármálin með hækkandi skatttekjum. Á fundi félags hagfræðinga í New York árið 1962 sagði forsetinn meðal annars:

„Efnahagskerfi sem er þrúgað af háum sköttum mun aldrei skila nægilegum tekjum til að jafnvægi náist í ríkisfjármálum, alveg eins og það mun aldrei búa til nægilegan hagvöxt eða nægilega mörg störf.“

Efnahagsstefnan bar árangur. Á fjórum árum, frá því að John F. Kennedy tók við forsetaembættinu, jókst landsframleiðslan í Bandaríkjunum meira en hún hafði gert á átta árum þar á undan. Verðbólga hélst lág og atvinnuleysi snarminnkaði. Hagvaxtarkeiðið sem hinn ungu forseti lagði grunninn að stóð fram til 1970.

Sameiginleg hugmyndafræði

Síðasta mánudag var öld liðin frá því að John F. Kennedy fæddist í Brookline í Massachusetts í Bandaríkjunum. Hann var kjörinn 35. forseti Bandaríkjanna og tók við embætti í janúar 1961, þá rétt tæplega 44 ára. Óhætt er að halda því fram að fáir stjórnámálamenn 20. aldarinnar hafi haft meiri útgeislun og áhrif á tímum mikilla umróta. Enn í dag veitir hann ungu fólki jafnt þeim sem eldri eru innblástur.

John F. Kennedy var „haukur“ í utanríkismálum, andkommúnisti, baráttumaður frelsis og jafnréttis. JFK, eins og hann var oft kallaður, skildi samspil velmegunar og skatta. Hann gerði sér grein fyrir því að bætt lífskjör verða ekki sótt annað en í aukna verðmætasköpun – hagvöxt.

Ég get haft á því nokkurn skilning að íslenskir vinstrimenn vilji ekki taka Ronald Reagan sér til fyrirmyndar. En a.m.k. einhverjir þeirra gætu farið í smiðju JFK. Við hægrimenn eigum að skilja sameiginlega hugmyndafræði þessara tveggja forseta, en mörgum okkar virðist erfitt að muna eftir henni eða erum af einhverjum ástæðum ekki reiðubúnir til að vinna henni brautargengi.

31. maí 2017

Játning: Ég mun aldrei skilja sósíalista

Hafi einhver efast um trygglyndi Vinstri grænna við sósíalismann hefur efinn örugglega horfið líkt og dögg fyrir sólu um liðna helgi. Boðskapur Katrínar Jakobsdóttur, formanns flokksins, á flokksráðsfundi var skýr og ágætlega meitlaður. Hækka skal skatta og auka umsvif ríkisins undir slagorðum réttlætis og aukins jöfnuðar:

„Vaxandi misskipting gæðanna sprettur beinlínis af því efnahagskerfi og þeim pólitísku stefnum sem hafa verið ráðandi undanfarna áratugi og nú er svo komið að sífellt fleira fólk er farið að finna fyrir því.“

Katrín Jakobsdóttir kemur hreint fram. Hún vill bylta þjóðfélagsgerðinni – stokka upp efnahagskerfið í takt við kennisetningar sósíalista.

Mælikvarði réttlætis og velferðar

Á flokksráðsfundinum undirstrikaði Katrín stefnu Vinstri grænna í skattamálum sem birtist í tillögum hennar við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs. Vinstri græn voru andvíg því að fella niður milliprep í tekjuskatti, sem komu fyrst og fremst óbreyttu launafólki til góða. Endurvekja átti eignarskatt undir hatti auðlegðarskatts, sem vinstri stjórn Samfylkingar og Vinstri grænna setti á tímabundið og lagðist þungt á eldri borgara og sjálfstæða atvinnurekendur. Tillögur Vinstri grænna fólu í sér hækkun ýmissa annarra gjalda og skatta, sem einstaklingar og fyrirtæki hefðu þurft að bera.

Hugmyndafræði vinstri manna – sósíalista – gefur ekkert fyrir þjóðfélag frjálsra einstaklinga sem eru fjárhagslega sjálfstæðir. Mælikvarði velferðar og réttlætis mælir umsvif ríkisins. Íslenskir vinstri menn – líkt og skoðanabræður þeirra í öðrum löndum – byggja á þeirri bjargföstu trú að ríkið sé upphaf og endir allra lífsgæða. Aukin umsvif ríkis og annarra opinberra aðila er markmið í sjálfu sér en ekki aðeins æskileg.

Öfundsverð einföld svör

Á margan hátt eru sanntrúaðir vinstri menn öfundsverðir. Svörin eru alltaf einföld – lausnarorðið er ríkið. Á meðan við hægri menn leitum leiða til að stækka þjóðarkökuna hafa sósíalistar engar áhyggjur, aðrar en þær að tryggja að ríkið taki stærstu sneiðina. Hlutfallsleg stærð

kökusneiðarinnar skiptir vinstri menn meira máli en stærð kökunnar. Í huga þeirra er mikilvægara að ríkið taki 50% af 2.000 milljarða landsframleiðslu en 40% af 3.000 milljarða köku.

Hinn sósíalíski mælikvarði velferðar er einfaldur. Í sósíalísku þjóðskipulagi er velferðin talin meiri ef sneið ríkisins er 50% og 1.000 milljarðar en þegar sneiðin er „aðeins“ 40% og 1.200 milljarðar. Með öðrum orðum: Velferð, réttlæti og jöfnuður er meiri eftir því sem hlutfallsleg stærð kökusneiðar ríkisins er stærri. Engu skiptir þótt kakan sé minni.

Hugmyndafræði Vinstri grænna og annarra sannfærðra sósíalista leggur áherslu á að „jafna“ lífskjörin, jafnvel þótt lífskjör allra versni. Jöfnuður eymdarinnar er betri en misskipting velmegunar.

Góðhjartaðir auðmenn

Velviljaðir auðmenn hafa tileinkað sér mælikvarða sósíalista í baráttu sinni fyrir öflugra og betra heilbrigðiskerfi. Krafan um að 11% af landsframleiðslu renni til heilbrigðismála er gerð á grunni hins sósíalíska mælikvarða.

Góðhjartaðir efnamenn hafa sannfært sjálfa sig og marga aðra um að heilbrigðiskerfið sé betra og öflugra þegar til þess renna 11% af 2.000 milljarða landsframleiðslu en 8,3% af 3.000 milljarða köku. Það virðist aukaatriði – raunar verra – að heilbrigðiskerfið fái 30 milljörðum meira ef kakan er stærri og hlutfallið lægra.

Á mælikvarða hlutfallsins skiptir engu hvort almenningur – skattgreiðendur – fær betri þjónustu í samræmi við aukna skattheimtu. Gæði þjónustu eru aukaatriði – allt snýst um stærð kökusneiðarinnar. Með sama hætti skiptir litlu hvernig farið er með eignir ríkisins, og áhyggjur af því hvernig þær nýtast landsmönnum eru taldar merki um annarlegan tilgang.

Kannski?

Ég skal viðurkenna að ég hef og mun líklega aldrei skilja hugmyndafræði sósíalista. En það er aðdáunarvert að enn sé til fólk sem af einlægni berst fyrir þjóðskipulagi sósíalismans. Það er eitthvað heillandi við þrautseigju og staðfestu þeirra sem neita að horfast í augu við söguna. Kannski hafa þeir rétt fyrir sér. Kannski hefur ekki verið staðið rétt að innleiðingu sósíalismans fram til þessa og því hafa lönd sem eru rík af náttúruauðlindum verið gerð gjaldþrota – síðast Venesúela. Þau mistök ætla íslenskir sósíalistar ekki að endurtaka heldur byggja upp fyrirmyndarríkið sem engum hefur tekist.

Kaldhæðnari menn en ég gætu auðvitað haldið því fram að allt sé þetta innihaldslaust hjál – umbúðastjórnsmál með safni fallegra orða og frasa. Íslendingar fengu að kynnast jöfnuði og réttlæti vinstri manna árið 2009, þegar eitt fyrsta verk hreinræktaðrar vinstri stjórnar var að skerða lífeyrisgreiðslur eldri borgara og öryrkja. Launafólk þurfti að sætta sig við að skattmann færi dýpra í vasa þeirra og lífskjörin þannig rýrt meira en orðið var. En þessari sögu er ef til vill jafn auðvelt að afneita og sögu sósíalista og þjóðfélagstilrauna þeirra í öðrum löndum. Alveg eins og vinstri menn lifa í þeirri von að allir séu búnir að gleyma tilraun þeirra til að láta verkamanninn, kennarann, bóndann, afgangsluonuna og aðra launamenn, standa undir skuldum einkabanka, enda verið að „bera burt syndir heimsins, eins og sagt var um Jesú Krist“.

26. ágúst 2017